



HEILINDI FRAMSÆKNI FAGMENNSKA

ÁRSSKÝRSLA 2020



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN





Starfsemi og rekstur

Starfsemi Almenna	4
Borgartún 25	5
Opinn vefur www.almenni.is	6
Sjóðfélagavefur	7
Viðburðir á árinu	8
Stjórn og endurskoðunarnefnd	9
Starfsfólk	10
Tryggingafræðileg staða	12
Hagstæð lífeyrisréttindi	13
Rekstrarkostnaður	14
Lán til sjóðfélaga	15
Lífeyrisgreiðslur	16

Ávöxtun og fjárfestingar

Samfélagsábyrgð	18
Ávöxtunarleiðir	19
Ávöxtun 2020	20
Fjárfestingarumhverfið 2020	21
Fjárfestingastefna	22
Eignasamsetning	23
Skuldabréf	24
Innlend hlutabréf	25
Um markaðinn	26
Erlendar eignir og hlutabréf	27
Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	29
Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	30

Ársreikningur

Skýrsla stjórnar	32
Áritun óháðs endurskoðanda	35
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	38
Efnahagsreikningur	39
Sjóðstreymisyfirlit	40
Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs	41
Efnisyfirlit skýringa	48
– Áhættustýring og umfang áhættu	69
– Kennitölur	75
Selected Financial Information	85

Fylgiskjöl

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2021	100
Útdráttur úr áhættustefnu 2021	103
Stjórnarháttayfirlýsing	104

Flýtihnappar:

Fara í efnisyfirlit:



Fara á fyrri síðu:




Fara á næstu síðu:





Starfsemi og rekstur





Eignir um 310 milljarðar

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins voru 310 milljarðar króna í árslok 2020 og stækkaði sjóðurinn um rúmlega 40 milljarða á árinu eða 15%. Sjóðfélagar í árslok voru 52.612.

Almenni

Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga. Lífeyrissjóðir þessara stétta hafa sameinast Almenna lífeyrissjóðnum og greiða félagar þeirra lágmarksiðgjöld í hann. Sjóðurinn hentar líka þeim sem geta valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksiðgjaldið og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.

Iðgjald


Lágmarksiðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn er 12% af launum og skiptist þannig að 4% greiðast í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð. Þeir sem greiða 15,5% af launum greiða 7,5% í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð. Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 12% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.

Forverar Almenna

Almenni lífeyrissjóðurinn samanstendur af átta lífeyrisjóðum sem hafa sameinast á mismunandi tímum. Lífeyrisjóður Tæknifræðingafélags Íslands er elstur þessara sjóða en hann var stofnaður árið 1965. Þeir lífeyrissjóðir sem sameinast hafa í Almenna lífeyrissjóðinn eru (stofnár í sviga): ALVÍB (1990), Lífeyrissjóður arkitekta (1967), Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga (1998), Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF (1968), Lífeyrissjóður FÍH (1970), Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna (1977), Lífeyrissjóður lækna (1967) og Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands (1965).

Ekki alltaf blíða

Skipið og skarfurinn spóka sig í blíðunni en Esjan heldur á sér hita með bleikri skýjaslæðu í kalsablæstri. Þetta eru þrjú sýnishorn af margvíslegum veðrabrigðum við skrifstofu sjóðsins í Borgartúni.




Gengisþróun ávöxtunarleiða



Ávöxtun

Hér eru upplýsingar um gengi ávöxtunarleiða og nafnvöxtun á mismunandi tímabilum (nafnvöxtun fyrir lengra tímabil en 1 ár eru á ársgrundvelli). Hægt er skoða upplýsingar um nafnvöxtun í töflu eða á mynd.



Í beinni síðan 1998

Frá árinu 1998 hefur Almenni birt daglegt gengi allra ávöxtunarleiða á vef sjóðsins. Fyrir vikið er hægt að rekja gengisþróun ávöxtunarleiða allt að 22 ár aftur í tímann. Vefur sjóðsins er í stöðugri þróun til að bæta enn frekar miðlun upplýsinga til sjóðfélaga.


Myndrænt og upplýsandi

Á heimasíðu Almenna er að finna ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins og eignasöfn. Þar á meðal eru myndir af gengisþróun, eignum og fjárfestingastefnu og nafnvöxtun á ársgrundvelli.

Gengisþróun



Eignir og fjárfestingarstefna



Nafnvöxtun á ársgrundvelli

Hver súla sýnir ávöxtun á ári á hverjum tímamarki miðað við lengd tímabils sem valið er.



Besta og versta tímabil

Besta og versta eins árs/þriggia ára/fimm ára/tíu ára ávöxtun.



Nánar á almenni.is

Almenni leggur áherslu á að miðla upplýsingum um sjóðinn, rekstur hans og annað sem viðkemur lífeyrismálum á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Heimasíða Almenna er hönnuð með það fyrir augum.




Eignasamsetning 06.02.2021 Yfirlit Ávöxtunarleiðir Eignasamsötning

	ÆVISAFN I	ÆVISAFN II	Samtals
Innlendar	2,5	61,3	63,8
Erlendar	2,5	33,7	36,2
			100,0



Skipting safna

	ÆVISAFN I	ÆVISAFN II	
Innlán	0,1	0,9	0,9
Innl. skuldabréf	1,9	51,5	53,3
Innl. hlutabréf	0,6	8,9	9,5
Erlend verðbréf	2,3	31,5	33,9
Erlend skuldabréf	0,2	2,2	2,4
Samtals	5,0	95,0	100,0



Uppfærð staða

Á sjóðfélagavefnum eru upplýsingar um inneign, réttindi og lán uppfærðar daglega og gefa þannig rétta mynd af stöðunni hverju sinni.

Ávöxtunarleiðir	Innlán	Innlend skuldabréf
☒ Ævileiðin		lögjald færirst á milli Ævisafn
☐ Ævisafn I	1%	27,5%
☐ Ævisafn II	2%	47%
☐ Ævisafn III	20%	59,5%
☐ Húsnæðissafn	15%	85%
☐ Innlánasafn	100%	

Umsókn um ævilangan ellilífeyri

Áætlaður lífeyrir á mánuði frá 70 ára aldri: 633.677

Fyrsta greiðsla: apríl 2021

- ☒ Sendu umsókn á aðra lífeyrissjóði sem ég á rétt í.
- ☒ Sendu staðfestingu til Tryggingastofnunar ríkisins og aðra lífeyrissjóði sem ég á rétt í.

Skilaboð til Almenna lífeyrissjóðsins

Undirrita umsóknina

Vinsamlega lesið og samþykkið umsóknina með rafrænni undirskrift.

Rafræn undirritun

Vinsamlegast athugið að beiðni um samþykki berst í farsíma.

Símanúmer: 9695959

Aðgerðir

Með rafrænum skilríkjum er t.d. hægt að breyta ávöxtunarleið, gera samning um viðbótarlífeyrissparnað, sækja um lífeyri og stýra útborgunum úr séreignarsjóði.

SJÓÐ-FÉLAGA-VEFUR UPPFÆRÐ YFIRSÝN

Framtíðin

Nánar

Áætluð starfslok

65 ára

Áætluð eftirlaun sem % af lokalaunum

72%

Áætluð eftirlaun sem % af markmiði

90%


Launapróun

Hér getur notandi slegið inn hvernig hann reiknar með að laun breytist til starfsloka. Hægt er að slá inn prósentubreytingar á ákveðnum aldurabilum.

Áætlaðar launabreytingar

Frá	Til	Árleg breyting
55 ára	60 ára	5 %
60 ára	65 ára	3 %
65 ára	70 ára	2 %

Áætluð þróun launa til starfsloka



Byrjunarlaun Lokalaun

Bæta við línu

750.000

1.348.871


Áætlanir


Gagnvirkar reiknivélar gera mögulegt að áætla eftirlaun miðað við forsendur sem hver og einn getur lagað að sínum aðstæðum.

Lífeyrissgátt

Upplýsingar um réttindi í öðrum sjóðum er bæði hægt að sjá og nýta í útreikning og áætlanir.

Áætluð eftirlaun á mánuði, staðan í dag





Pegar út af bregður þarf að haga seglum eftir vindi og gera hlutina öðruvísi. Það reyndi talsvert á það á síðasta ári og í stað funda með hefðbundnu sniði þurfti að halda fjárfundi og streyma frá viðburðum til að fólk gæti notið þeirra án þess að mæta á staðinn. Þó náðist að halda nokkra viðburði í sumar áður en samkomubann skall á að nýju.

Ávöxtun 2019 og ávöxtun í lágvaxtaumhverfi – 23. janúar
Krístrún Frostadóttir, aðalhafnisskrifari Kviku, var gestafyrirlesari á fundi sjóðsins um ávöxtun. Krístrún flutti erindi um ávöxtun í lágvaxtaumhverfi en Grétar Már Axelsson, sjóðstjóri, flutti erindi um ávöxtun sjóðsins árið 2019 undir yfirskriftinni *Aldrei vekja mig af þessum geggjáða draumi.*

Framadagur – 30. janúar

Skömmu fyrir samkomubann tók Almenni þátt í framadögum háskólanna sem haldinn var í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Markmiðið var að fræða um lífeyrismál almennt og kynna sérstöðu sjóðsins.

Upplýsingastreymi – 8. maí


Föstudaginn 8. maí hélt Almenni streymi þar sem Pórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar, svaraði algengum spurningum sem ráðgjafar sjóðsins fá. Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri fjallaði um þróun á mörkuðum og áhrif á ávöxtunarleiðir.

Ársfundur – 4. júní

Ársfundur Almenna var haldinn fimmtudaginn 4. júní á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2. Upphaflega stóð til að halda fundinn 26. mars en honum var frestað vegna samkomubannsins. Streymt var frá fundinum.

Hlaðvarp – 27. nóvember

Fyrsta hlaðvarp Almenna lífeyrissjóðsins var sett í loftið 27. nóvember en ætlunin er að sjóðurinn nýti sér þennan miðil til að miðla upplýsingum um lífeyrismál og sérstöðu sjóðsins.





Stjórn Almenna árið 2020

Fremri röð frá vinstri: Hulda Rós Rúriksdóttir, Arna Guðmundsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir.
Aftari röð frá vinstri: Ólafur H. Jónsson, Davíð Ólafur Ingimarsson, Oddur Ingimarsson.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum, kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír. Á hverju ári eru kosnir tveir aðalmenn í stjórn og einn vara-
maður.

Stjórnarfundir

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast er tilefni er til. Á tímabilinu frá júní 2020 til mars 2021 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda.

Stjórn 2020

Aðalmenn:	Kosin/n á ársfundi
Ólafur H. Jónsson, formaður	2020
Hulda Rós Rúriksdóttir, varaformaður	2018
Arna Guðmundsdóttir	2018
Davíð Ólafur Ingimarsson	2019
Oddur Ingimarsson	2019
Sigríður Magnúsdóttir	2020
Til vara:	
Kristján P. Davíðsson	2019
Oddgeir Ottesen	2019
Helga Jónsdóttir	2020

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skipar stjórn þriggja manna endurskoðunarnefnd til eins árs. Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins auk þess að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Í endurskoðunarnefndinni árið 2020–2021 sitja Gísli Hlíðberg Guðmundsson, formaður, Eiríkur Þorbjörnsson og Davíð Ólafur Ingimarsson.



Verið velkomin í Borgartún 25

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25, Reykjavík, á 5. hæð en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 9–16 og föstudaga kl. 9–15.

Ráðgjafar og móttaka

Ráðgjafar sjóðsins eru fjórir og geta sjóðfélagar leitað til þeirra um sérhæfða þjónustu og ráðgjöf um lífeyrismál.

Þórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri	thorhildur@almenni.is
Ásgerður Hrönn Hafstein, ráðgjafi	asgerdur@almenni.is
Brynja Margrét Kjærnested, ráðgjafi	brynja@almenni.is
Eva Ósk Eggertsdóttir, ráðgjafi	eva@almenni.is
Halldór Bachmann, kynningarstjóri	halldor@almenni.is
Hrannar Bragi Eyjólfsson, sérfræðingur	hrannar@almenni.is
Jóna Margrét Sigurðardóttir, bakvinnsla lána	jona@almenni.is

Iðgjalda- og lífeyrisdeild

Iðgjalda- og lífeyrisdeild sér um skráningu iðgjalda og greiðslu lífeyris.

Anna Guðmundsdóttir, iðgjaldaskráning	anna@almenni.is
Guðbjörg Rúnarsdóttir, lífeyrir	gudbjorg@almenni.is
Ingibjörg Elín Þorvaldsdóttir, innheimta	ingibjorg@almenni.is
Una Hafdís Hauksdóttir, lífeyrir	una@almenni.is

Eignastýring

Eignastýringarteymi sjóðsins sér um stýringu eigna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstjóri stýrir störfum teymisins.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstj.	kristjana@almenni.is
Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri	helga@almenni.is
Grétar Mór Axelsson, sjóðstjóri	gretar@almenni.is

Bókhald

Bókhaldsdeild sér um daglegt bókhald, mánaðarlegar afstemmingar, skýrslur og árlegt uppgjör sjóðsins.

Jóna Bergþóra Sigurðardóttir, sérfræðingur	jonab@almenni.is
Kristín Sigurgeirsdóttir, sérfræðingur	kristin@almenni.is

Rekstur og önnur verkefni

Daglegur rekstur og verkefni sem tengjast öllum starfsmönnum og deildum.

Lóa Rún Kristinsdóttir, gjaldkeri	loa@almenni.is
Sigurður Örn Jónsson, deildarstj. tölvumála	sigggi@almenni.is
Sigurður Örn Karlsson, áhættustjóri	sigurdurorn@almenni.is
Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri	sigridur@almenni.is
Helgi Pétur Magnússon, lögfræðingur og deildarstjóri lána	helgip@almenni.is
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri	gunnar@almenni.is




Amalía Berndsen – kveðja


Pó að rekstur og ávöxtun sjóðsins hafi gengið vel á síðasta ári var það að mörgu leyti þungbært. Heimsfaraldurinn var mörgum þungur í skauti en starfsfólk sjóðsins varð einnig fyrir miklu áfalli þegar Amalía Berndsen, deildarstjóri iðgjalda- og lífeyrisdeildar, féll frá fyrir aldur fram þann 18. október 2020.

Almenni naut yfirburðsþekkingar Amalíu á réttinda- og kerfis- málum og samstarfsfólk fráberrar manneskju og samstarfskonu í tuttugu og þrjú ár en hún hóf störf fyrir sjóðinn árið 1997. Amalíu er sárt saknað hjá sjóðnum en minning um góðan samstarfs- mann og vinkonu lifir.

Tryggingafræðileg staða í árslok 2019 og 2020



Hækkun launa, verðlags og lífeyris 1998–2020



Tryggingafræðileg staða batnar milli ára

Tryggingafræðileg staða batnaði um 4,2 prósentustig á árinu 2020 vegna góðrar ávöxtunar.

Tryggingafræðileg úttekt

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóða eru eignir bornar saman við skuldbindingar á þrjá vegu.

- **Áunnin staða.** Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna áunninna réttinda.
- **Framtíðarstaða.** Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðar-iðgjöld mynda.
- **Heildarstaða** er samtala áunninnar stöðu og framtíðar-stöðu.

Við mat á skuldbindingum voru notaðar sérhæfðar líftöflur fyrir sjóðfélaga. Með sérhæfðum líftöflum er reiknað með að 70 ára karlar lifi að meðaltali 1,4 ári lengur en meðaltal sjóðfélaga í öðrum lífeyrissjóðum og 70 ára konur 1,7 ári lengur.

Í árslok 2020 var áunnin staða í jafnvægi, framtíðarstaða neikvæð um 1,1% og heildarstaða neikvæð um 0,6%. Tryggingafræðileg staða er innan vikmarka sem lög kveða á um. Staðan er einnig innan þeirra marka sem sjóðurinn stefnir að eða að áunnin staða sé innan við +/-5% af skuldbindingum og framtíðarstaða sé innan við +/-5% af skuldbindingum.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur lagt til við ráðherra að forsendum við mat á skuldbindingum sjóðanna verði breytt og notaðar lífslíkur sem byggja á spám um lengri meðalævi. Verði fallist á þessar tillögur munu reiknaðar skuldbindingar lífeyrissjóða aukast og réttindi breytast þannig að reiknað verði með lægri lífeyrisgreiðslum í lengri tíma fyrir hvern og einn sjóðfélaga.

Lífeyrir hefur hækkað umfram verðlag

Frá því að lífeyrissjóðalögin tóku gildi árið 1998 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum og forverum hans hækkað umfram verðlag á síðustu árum.

- Lífeyrisréttindi hjá Almenna hækkuðu um 213% að meðaltali á tímabilinu
- Á sama tíma hækkaði launavísitala um 364% og vísitala neysluverðs um 170%.

Í raun hafa lífeyrisréttindi aukist meira þar sem meðal-ævilengd hefur lengst mikið frá árinu 1998. Þannig hefur meðalævi lífeyrisþega í öllum lífeyrissjóðum lengst um u.þ.b. 15% á meðan sérhæfðar líftöflur sýna lengingu um 26% hjá sjóðfélögum í Almenna lífeyrissjóðnum. Sé tekið tillit til þessara breytinga hafa lífeyrisréttindi í Almenna í raun aukist um 294% á tímabilinu.

ÚTBORGUN

LÍFEYRIR

SÉREIGN

NÁNAR

Eftirlaun

Sjóðfélagi lætur af störfum 67 ára

57%
af
launum

7,1
árslaun

- Ellilífeyrir greiddur frá 70 ára aldri til æviloka.
- Inneign 67 ára nemur 7,1 árslaunum. Dugir til að greiða 75% af lokalaunum í 10 ár.

Örorka

Sjóðfélagi verður óvinnufær 45 ára

57%
örorku-
lífeyrir

2,2
árslaun

- Örorkulífeyrir sem nemur 57% af lokalaunum.
- Barnalífeyrir að fjárhæð 38 þúsund kr. er greiddur með hverju barni til 20 ára aldurs barns.
- Inneign sem nemur 2,25 árslaunum. Dugir til að greiða 37,5% af meðallaunum sl. 3ja ára í 7 ár.

Fráfall

Sjóðfélagi fellur frá 45 ára

28%
maka-
lífeyrir

2,2
árslaun

- Makalífeyrir sem nemur 28% af lokalaunum. Barnalífeyrir að fjárhæð 38 þúsund krónur er greiddur með hverju barni til 20 ára aldurs barns.
- Inneign sem nemur 2,25 árslaunum. Dugir til að greiða 37,5% af meðallaunum sl. 3ja ára í 7 ár.

Dæmi um inneign og lífeyri

Réttindi og inneign ef sjóðfélagi greiðir 15,5% iðgjald í sjóðinn af föstum launum á aldrinum 25 til 66 ára.

Reiknað með 3,5% raun-ávöxtun á ári.

Hagstæð lífeyrisréttindi

Í Almenna lífeyrissjóðnum er samsetning lífeyrisréttinda öðruvísi en í flestum öðrum lífeyrissjóðum. Lágmarksiðgjald er 12% af launum og greiðast 4% í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð. Ef sjóðfélagi greiðir 15,5% iðgjald greiðast 7,5% í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð.



Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur og geta sjóðfélagar ráðið hvort þeir taka inneignina út í einu lagi eða dreifa úttektinni á lengri tíma. Inneignin erfist við fráfall og eykur það fjárhagslegt öryggi aðstandenda.

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ellilífeyri til æviloka og áfallalífeyri (örorku-, maka- og barnalífeyrir) sem ver þá og fjölskyldur þeirra fyrir tekju- missi vegna örorku eða dauða.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ævilangs ellilífeyris á aldrinum 60 til 80 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur til 70 ára aldurs ef sjóðfélagar missa starfsorku.
- Makalífeyrir er greiddur til maka við fráfall sjóðfélaga í

2,5 ár og lengur ef sjóðfélagi á barn undir 20 ára aldri eða ef makinn er öryrki og yngri en 67 ára.

- Barnalífeyrir er greiddur til barna yngri en 20 ára við fráfall eða við starfsorkumissi sjóðfélaga. Fjárhæð barnalífeyris í mars 2021 er 37.855 kr. á mánuði.
- Ef barn látins sjóðfélaga á hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.



Raunkostnaður og áætlun 2021

Rekstrarkostnaður hefur hækkað í takt við verðlag, aukin starfsmannafjölda og auknar kröfur um áhættu-stýringu og eftirlit. Kostnaður sem hlutfall af eignum sjóðsins er áætlaður 0,26% árið 2021 sem er aðeins lægra hlutfall en árið 2020.

Stefnt að lágmarkskostnaði

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem mest af ávöxtun sjóðsins skili sér til sjóðfélaga. Þessu er fylgt eftir með því að gæta hófs í rekstri og reyna að lágmarka fjárfestingarkostnað við ávöxtun eigna sjóðsins eins og hægt er.

Kostnaður í samanburði við áætlun 2020


Rekstraráætlun fyrir árið 2020 gerði ráð fyrir heildarkostnaði að fjárhæð 778 milljónir króna. Raunverulegur rekstrarkostnaður varð 829 milljónir króna sem er 6,5% hærra en áætlun sem skýrist af stærstum hluta af því að sjóðurinn færði í fyrsta sinn áfallna orlofsskuldbindingu árið 2020 en gjaldfærslan nam 54,7 milljónum króna. Án orlofsskuldbindingarinnar var rekstrarkostnaður 0,5% undir áætlun.

Stærstu kostnaðarliðirnir

Starfsmannakostnaður vegur þýngst í rekstrarkostnaðinum en hjá sjóðnum starfa 22 starfsmenn. Sjá nánar um starfsfólk og skipulag á bls. 10. Upplýsingatækni er annar stærsti kostnaðarliðurinn en sjóðurinn notar sérstök upplýsingakerfi fyrir eignir, réttindi sjóðfélaga og bókhald. Sjóðurinn býður jafnframt sjóðfélögum og launagreiðendum upp á að skoða upplýsingar á sjóðfélaga- og launagreiðandavef. Á læstu vefsvæði geta sjóðfélagar nálgast upplýsingar um inneign og réttindi, ásamt því að framkvæma ýmsar aðgerðir. Á sama hátt geta launagreiðendur skoðað upplýsingar um iðgjaldagreiðslur á læstu vefsvæði.

Áætlun 2021

Stjórn sjóðsins samþykkti á stjórnarfundum í desember sl. rekstraráætlun fyrir árið 2021. Samkvæmt henni stefnir í að rekstrarkostnaður sjóðsins verði um 821 milljónir króna eða um 0,26% af áætluðum meðaleignum ársins. Gert er ráð fyrir verulegri lækkun á starfsmannakostnaði milli ára en á móti kemur hækkun á öðrum liðum í takt við verðlagsþróun. Í heildina er gert ráð fyrir að kostnaður lækki um 1% milli ára.



Uppgreiðslur umfram ný útlán

Myndin sýnir þróun nýrra útlána frá árinu 2016, ásamt uppgreiðslum.

Nettó uppgreiðslur á árinu 2020 var 1,1 milljarður króna.

Sjóðfélagalán Almenna

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að velja á milli lána með föstum verðtryggðum vöxtum eða verðtryggðra og óverðtryggðra lána þar sem vextir eru nú festir til þriggja ára í senn. Lánstími er sveigjanlegur, frá 5 árum til allt að 40 ára og enginn kostnaður er greiddur við innborgun eða uppgreiðslu lána.

Á árinu 2020 breyttust aðstæður á húsnæðislánamarkaði eftir að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í nokkrum skrefum úr 2,75% í 0,75%. Í kjölfarið hafa bankar lækkað vexti á húsnæðislánum meira en lífeyrissjóðir og boðið óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum nálægt væntri verðbólgu á næstu árum. Afleiðing þessa er að fjöldi einstaklinga hefur endurfjármagnað húsnæðislán sín hjá bönkunum og greitt



upp lán hjá lífeyrissjóðum og í fyrsta sinn í sögu Almenna lífeyrissjóðsins voru uppgreidd lán meiri en nýjar lánveitingar. Heildarsafn sjóðfélagalána stóð í um 36 milljörðum í lok árs 2020. Skipting útlána í árslok 2020 var með þeim hætti að 75% útlána eru verðtryggð en 25% óverðtryggð.

Þróun síðustu ára

Á undanförunum árum hafa sjóðfélagalán sem hlutfall af eignum sjóðsins vaxið mikið en sem dæmi má nefna að hrein útlán á fimm ára tímabili á árunum 2015–2019 námu 31 milljarði eða 6,2 milljörðum á ári. Á þessu tímabili jókst hlutfall sjóðfélagalána úr 12,4% í 17,6% af eignum samtryggingarsjóðs. Hlutfallið lækkaði á árinu 2020 og var 14,1% í árslok.

Hvorki uppgreiðslugjald né endurskoðunarákvæði

Á undanförunum árum hafa vextir á markaði lækkað með þeim afleiðingum að einstaklingum stendur til boða í ársbyrjun 2021 að taka fasteignatryggð lán á lægri vöxtum en hafa boðist í langan tíma. Margir hafa brugðist við þessari þróun og endurfjármagnað eldri lán sem voru veitt þegar vextir voru hærrí. Lán frá Almenna lífeyrissjóðnum eru án uppgreiðslugjalds og geta lántakendur hvenær sem er greitt inn á þau eða greitt þau upp án kostnaðar. Það er mikill kostur fyrir þá sem hyggjast endurfjármagna eldri lán eða vilja að auðvelt sé að endurfjármagna ný lán. Þá hefur sjóðurinn lagt áherslu á að ný lán bjóðist með föstum vöxtum til 36 mánaða í senn en með því móti geta sjóðfélagar tekið lán með föstu greiðsluflæði til þriggja ára.



■ 2018
■ 2019
■ 2020

Lífeyrisgreiðslur

Súluritinn sýna lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði annars vegar og úttekt úr séreignarsjóði hins vegar. Greiðslur úr séreignarsjóði hækkuðu um 63,8% á milli ára og ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði jukust um 14,2%.

Lífeyrisgreiðslur aukast milli ára

Árið 2020 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 8,1 milljarð í lífeyri og skiptust greiðslurnar þannig að 5,3 milljarðar voru greiddar úr séreignarsjóði en 2,7 milljarðar úr samtryggingarsjóði. Samtals fengu 4.571 lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði árið 2020, þ.a. nýttu 2.626 heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán, 941 nýtti heimild til úttektar vegna Covid og 100 nýttu sér heimild til að greiða inn á fyrstu íbúð. Lífeyrisþegar úr samtryggingarsjóði voru samtals 2.271 og skiptust þannig að 1.499 fengu ellilífeyri, 549 örorkulífeyri, 183 makalífeyri og greiddur var barnalífeyrir vegna 80 barna.

Breytingar milli ára

Ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði hafa hækkað jafnt og þétt í takti við hækkanði meðalaldur sjóðfélaga. Örorku-, maka- og barnalífeyrir er svipaður milli ára. Reglulegar greiðslur úr séreignarsjóði hækka á milli ára en greiðslur inn á lán lækka aðeins á milli ára en á árinu námu þær 1.005 milljónum en 1.027 milljónum árið 2019.

Í byrjun árs heimiluðu stjórnvöld tímabundna opnun séreignarsparnaðar vegna Covid-19 og voru greiddar 1.487 milljónir úr sjóðnum á árinu vegna þessarar heimildar.

Heimild til að greiða viðbótarlífeyrissparnað inn á lán

Á árinu 2014 samþykktu stjórnvöld að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst inn á fasteignalán á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Á árinu 2016 var heimildin framlengd um tvö ár eða fram til 30. júní 2019. Heimildin var aftur framlengd um tvö ár á árinu 2019 og gildir nú til 30. júní 2021. Fjöldi sjóðfélaga hjá Almenna lífeyrissjóðnum hefur nýtt sér þetta úrræði en í lok desember var búið að greiða 6,6 milljarða fyrir 4.283 sjóðfélaga inn á lán og 264,8 milljónir höfðu verið nýttar til íbúðarkaupa fyrir 396 sjóðfélaga.



Ávöxtun og fjárfestingar



Grunngildi

Ábyrgð gagnvart samfélaginu og sjálfbærni í fjárfestingum tekur einkum mið af grunngildum Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun og viðmiðunarreglna um ábyrgar fjárfestingar.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna

Áhersla er lögð á sjálfbærni og samfélagsábyrgð í fjárfestingum Almenna lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn starfar eftir stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar, sem endurskoðuð er á hverju ári. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að horft sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarhátta í fjárfestingum. Viðmið og áherslur um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í, er jafnframt að finna í eigendastefnu sjóðsins.

Grunngildi og viðmið

Lögð er áhersla á að fyrirtæki í eignasafni lífeyrissjóðsins móti sér stefnu um umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti. Markmiðið er m.a. að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfsemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og kjara-


samninga starfsfólks ásamt því að innleiða góða stjórnarhætti sem eru í samræmi við gildandi reglur og viðmið hverju sinni.

Umhverfisvitund

Viðhorf til umhverfismála og sjálfbærni breytist hratt og hefur birst í aukinni umhverfisvitund undanfarin ár. Sífellt meiri áhersla er lögð á þennan málaflokk, hjá fyrirtækjum, fjárfestum og samfélaginu öllu. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur fylgst vel með þessari þróun, sett sér stefnu í ábyrgum fjárfestingum og vinnur að því að auka þekkingu á málaflokknum innan sjóðsins og að auka umhverfissjálfbærni fjárfestinga í eignasafni sjóðsins. Sjóðurinn leggur jafnframt áherslu á umhverfisvitund í daglegum rekstri sjóðsins, stjórnun og ákvarðanatöku.

Umhverfissjálfbærni fjárfestinga

Samræmt regluverk og aukin upplýsingagjöf mun auðvelda lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum að meta umhverfissjálfbærni fjárfestinga, greina og mæla áhrif þeirra. Mikilvægur áfangi náðist fyrr í þessum mánuði þegar SFDR reglugerð Evrópusambandsins (Sustainable Finance Disclosure Regulation) tók gildi í Evrópu en hún fjallar um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Einnig má nefna flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) sem fjallar um skilgreiningu á umhverfissjálfbærri, eða grænni, atvinnustarfssemi og þær kröfur sem gerðar eru til upplýsingagjafar. Þessar reglugerðir, sem ráðgert er að teknar verði upp í EES samninginn og innleiddar í íslenskan rétt á næstu misserum, munu gera fjárfestum auðveldara með að meta sjálfbærni og geta þannig í auknum mæli beint flæði fjármagns til umhverfissjálfbærra fjárfestinga.



Skipting eigna

Í árslok 2020 voru 52% eigna í séreignarsjóði og 48% í samtryggingarsjóði. Ævisafn II er stærsta ávöxtunarleið séreignarsjóðs og vega blandaðar ávöxtunarleiðir um 82% af séreignarsjóði.

Blandaður lífeyrissjóður

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður að því leyti að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd bæði í samtryggingar- og séreignarsjóð.

Séreignarsjóður

Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga greidd á sérreikning hans ásamt ávöxtun ár hvert. Inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Inneignin erfist við fráfall. Ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs eru sjö. Þær eru Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn langt, Ríkissafn stutt, Húsnæðissafn og Innlánaðsafn. Ævisöfn I, II og III eru blönduð verðbréfasöfn með innlánum, skuldabréfum og hlutabréfum. Innlánaðsafnið fjárfestir eingöngu í innlánum,


Ríkissafn langt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með löngum meðaltíma og Ríkissafn stutt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með stuttum meðaltíma og innlánum. Húsnæðissafnið fjárfestir í veðtryggðum skuldabréfum, ríkisskuldabréfum og innlánum.

Samtryggingarsjóður

Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum og hlutabréfum.

Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði, aldurssamsetningu sjóðfélaga og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

- Stefnt er að því að skuldabréf vegi 50% og hlutabréf 50% af eignum samtryggingarsjóðs.
- Ákvörðun um vægi hlutabréfa í fjárfestingarstefnu er tekin með hliðsjón af lífeyrisbyrði (hlutfall lífeyrisgreiðslna og iðgjalda) og áætluðu greiðsluflæði samtryggingarsjóðs.
- Lífeyrisbyrði á árinu 2020 var 40,9% og er reiknað með að iðgjöld verði meiri en lífeyrisgreiðslur að minnsta kosti til ársins 2029.
- Samtryggingarsjóðurinn þolir því að taka á sig sveiflur á verði hlutabréfa og býr ekki við þá áhættu að þurfa að selja hlutabréfin þegar hlutabréfaverð er lágt á mörkuðum og getur því fjárfest nokkuð hátt hlutfall af eignum í hlutabréfum.



Ávöxtun síðustu ára

Súluritinn sýna ávöxtunarleiddir Almenna lífeyrissjóðsins 2020 og raunávöxtun sl. 3 ár og 10 ár.

Góð ávöxtun í heimsfaraldri

Árið 2020 verður lengi í minnum haft þar sem heimsfaraldur geislaði og hafði mikil áhrif á hagkerfi heimsins. Miklar sveiflur voru á verðbréfamörkuðum á árinu, árið fór vel af stað en í lok febrúar fór að gæta áhrifa af COVID-19 á fjármálamörkuðum og varð skörp lækkun bæði á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum, en í lok mars snérist markaði hratt til baka. Yfir árið í heild var góð ávöxtun á innlendum og erlendum mörkuðum á árinu. Allar ávöxtunarleiddir Almenna lífeyrissjóðsins nutu góðs af hagstæðri þróun á mörkuðum og skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Ævisafn I hækkaði mest eða um 16% sem jafngildir um 12,1% raunávöxtun.

Heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI hækkaði um 15,9% í USD sem jafngildir um 21,8% hækkun í íslenskum krónum þar sem krónan veiktist gagnvart USD á árinu. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI hefur hækkað um 9,9% í USD að meðaltali á ári síðastliðin 10 ár og um 11% í krónum yfir sama tímabil. Einnig var góð ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði og hækkaði heildarvísitala aðallista um

25,9% á árinu. Heildarvísitala innlendra hlutabréfa hefur hækkað um 14,7% á ári að jafnaði síðastliðin tíu ár.

Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var einnig góð, einkum vegna lækkunar á ávöxtunarkröfu langra skuldabréfa. Innlendum skuldabréfamarkaður hefur því skilað góðum gengishagnaði sem bættist við ávöxtun skuldabréfanna. Um tíma var raunávöxtunarkrafa langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa neikvæð á árinu en í lok árs var hún um 0,5%. Vísitala Kauphallarinnar fyrir 10 ára löng verðtryggð skuldabréf hækkaði um 6% og vísitala Kauphallarinnar fyrir 10 ára löng óverðtryggð skuldabréf um 5,4%. Vísitala langra verðtryggðra skuldabréfa hefur hækkað um 7,9% að jafnaði á ári síðastliðin tíu ár.

Blönduð söfn Ávöxtun blandaðra ávöxtunarleidda, þ.e. Ævisafna I, II, III og samtryggingarsjóðs var frá 8,3% til 16%. Ævisafn I hækkaði um 16%, Ævisafn II um 13,3%, Ævisafn III um 8,3% og samtryggingarsjóður um 12%. Hækkun á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum hafði mest áhrif til hækkunar á gengi safnanna.

Ríkissafn langt hækkaði um 5,5%. Lækkun á ávöxtunarkröfu langra verðtryggðra skuldabréfa og hækkun á vísitölu neysluverðs skýra að mestu ávöxtun safnsins.


Ríkissafn stutt hækkaði um 4,7%. Lækkun á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfa skýrir að mestu ávöxtun safnsins.

Innlánasafnið hækkaði um 4%. Safnið ávaxtar eignir sínar á bundnum innlánsreikningum og vega verðtryggð innlán um 93% af eignum safnsins.

Húsnæðissafnið hækkaði um 4,9%. Safnið ávaxtar eignir sínar að mestu í veðskuldabréfum, innlánum og í stuttum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Góð langtímaávöxtun

Frá árinu 1990 hefur meðalraunávöxtun samtryggingarsjóðs verið 4,8% á ári að jafnaði eða um 1,3 prósentustigum yfir 3,5% raunávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða. Á sama tíma var meðalraunávöxtun Ævisafns II 4,4% en safnið hóf ekki að fjárfesta í hlutabréfum fyrr en árið 1998.



„Fjartý“ á eignamörkuðum

Allir eignaflokkar sem Almenni fjárfestir í sýndu jákvæða ávöxtun árið 2020. Aðgerðir peningamála- og hagstjórnaraðila á heimsvísu, sem viðbragð við Covid-19, voru að lækka vexti og auka lausafé í umferð. Veiking ISK gagnvart USD á árinu jók enn á góða ávöxtun erlendra eigna, talið í ISK.

Fjárfestingaumhverfið 2020

Það spáði enginn fyrir um árið 2020, fjarstæðukennt og fordæmalaust farsóttarástand þar sem fjarfundir urðu meginþema. Þrátt fyrir harðar sóttvarnaðgerðir, hrun ferðamanna- iðnaðar, rof í þjónustugeirum og tafir í vöruafhengingum þá hækkuðu allir eignamarkaðir sem Almenni fjárfestir í. Ástæðan var að seðlabankar lækkuðu vexti, juku peningamagn í umferð og hagstjórnaryfirvöld stigu inn til að vernda heimili og atvinnulíf í þeim tilgangi að vernda framleiðsluþætti og störf. Frá fjármálahruninu 2008 hafa seðlabankar Evrópu og Bandaríkjanna verið duglegir að styðja við markaði og reynt að halda uppi verðbólgu og atvinnustigi. Enn var hert á þeim aðgerðum til að sporna við farsóttarástandinu og eru áhrif þeirra orðin stórtæk og langvarandi á verðlagningu á markaði. Áhugavert verður að fylgjast með hvernig heimurinn vindur ofan af áhrifum þeirra á næstu árum.

Í heimsfaraldri er vandasamt að stofna til vandræða í heimspólitíkinni, enda átti hver nóg um sitt heimasvæði. Það ríkti því ágætur friður á flestum sviðum en í heimsmaalunum

mátti helst telja að Brexit gekk vandræðalítið í gegn og Bandaríkjamenn kusu sér nýjan forseta. Vaxtarfyrirtæki héldu áfram að gera betur en virðisfjárfestingar og er nú svo komið að fimm stærstu upplýsingatæknifyrirtækin vega nú tæplega 14% af markaðsvirði heimsvísitölu hlutabréfa sem telur hátt í 1.700 fyrirtæki.

Einstaklingar mættu í kauphöllina

Ferðapjónusta, ein lykilatvinnugreina Íslands, mátti þola þungan skell. Atvinnugreinin er óverulegur óbeinn hluti af virði skráðra hlutafélaga á Íslandi. Yfir árið vógust á neikvæð áhrif faraldursins og lægra vaxtastig, veikari ISK og sterk innlend eftirspurn. Engin nýskráning varð í kauphöllinni en nokkur félög réðust í hlutafjárútkningu. Háværast var hlutafjárútbóð Ícelandair sem var vel tekið og var þátttaka almennings góð í útbodinu og mátti greina aukinn áhuga almennra fjárfesta á markaðnum í kjölfar þess. Það er fagnaðarefni og eykur dýpt markaðarins og virkni. Á árinu leituðu margir nýir framtaks- og vísisjóðir fjármögnunar og mun fjárfestingageta í þeim

eignaflokki aukast á nýju ári. Nýlega voru boðaðar nýskráningar Íslandsbanka og Síldarvinnslunnar á hlutabréfamarkað, gangi það eftir má reikna með líflegu ári 2021.

Innlendir verðbréfamarkaðir

Ávöxtun á innlendum verðbréfamörkuðum var góð á árinu og risu skráð hlutabréf hæst eignaflokka. Ávöxtunarkrafa stuttra ríkistryggðra skuldabréfa lækkaði mikið á árinu en einnig varð þónokkur lækkun á kröfum á lengri endanum. Vaxtastig er nú lágt á Íslandi í sögulegu samhengi og líklegt að ávöxtun á skuldabréfamarkaði verði lægri á næstu misserum en síðustu ár. Verðbólgan steig lítilla hradari takt á árinu en gengisveiking ISK, sem nam mest 22% innan ársins gekk að hluta til baka á seinni hluta ársins og studdi við hóflega aukna verðbólgu. Í árslok var fólgið verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkandi eftir meðallíftíma bréfa og var komið yfir 3% á langa endanum.

Ávöxtunarlega var árið 2020 frábært ár á eignamörkuðum, sérstaklega í ljósi ástandsins.



Efnisyfirlit

- I. Almenni lífeyrissjóðurinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2021
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Reglur um lán til sjóðfélaga

Fylgiskjal 4: Útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu

Ítarleg stefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins er aðgengileg fyrir sjóðfélaga á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.



Fjárfestingarstefna 2021

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember fjárfestingarstefnu fyrir árið 2021. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega ávöxtun verðbréfa og samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna fyrir allar ávöxtunarleiðir og fjárfestingarheimildir. Sérstakur kafli er um viðmið við kaup á verðbréfum og einnig fylgja reglur um lán til sjóðfélaga, stefna Almenna um ábyrgar fjárfestingar, eigendastefna Almenna og útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóðsins.

Helstu breytingar frá fyrri stefnu

- Breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu Ævisafns III á milli ára. Vægi hlutabréfa í stefnu er aukið úr 20% í 30% og á móti er vægi skuldabréfa í stefnu lækkað úr 80% í 70%. Vægi erlendra hlutabréfa er hækkað úr 16% í 24% og vægi innlendra hlutabréfa er hækkað úr 4% í 6%. Með þessari breytingu er stefnt að hærri langtímaávöxtun Ævisafns III. Þá er dregið úr vægi innlána í stefnu safnsins og vægi innlendra skuldabréfa aukið á móti. Þessi breyting er gerð með áhættudreifingarsjónarmið í huga.
- Tiltölulega litlar breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu annarra ávöxtunarleiða á milli ára. Þó hafa vikmörk fyrir meðaltíma markaðsskuldabréfa verið víkkuð og jafnframt hafa verið gerðar breytingar á vikmörkum einstakra eignaflokka í stefnu, m.a. erlendra eigna, sem endurspeglar það að erlend hlutabréf eru að færast nær stefnu. Þá hefur vægi veðskuldabréfa í stefnu verið lítillega aukið í Húsnæðissafni og dregið úr vægi innlána á móti.

- Erlend hlutabréf í samtryggingarsjóði og Ævisafni III eru í undirvigt m.v. fjárfestingarstefnu og stefnt er að því að auka erlendar fjárfestingar og að söfnin nái stefnu á næstu 2-3 árum. Aðrar ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í erlendum hlutabréfum (Ævisafn I og II) hafa náð stefnu.



Eignir og fjárfestingarstefna

Hér til hliðar er samanburður á fjárfestingarstefnu og eignum tveggja stærstu safna Almenna, samtryggingarsjóðs og Ævisafns II. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra.

Undirvigt á erlendum hlutabréfum

Vægi erlendra hlutabréfa í Ævisafni III og í samtryggingarsjóði er minna en stefnt er að í fjárfestingarstefnu safnanna. Samkvæmt stefnu eru erlend hlutabréf stærsti hlutinn af hlutabréfum sjóðsins þar sem ekki er hægt að ná fullnægjandi áhættudreifingu á innlendum hlutabréfa-markaði vegna smæðar markaðar. Vægi hlutabréfa var aukið í fjárfestingarstefnu Ævisafns III við endurskoðun fjárfestingarstefnunnar haustið 2020. Við þá breytingu fór vægi erlendra hlutabréfa í undirvigt hjá Ævisafni III. Stefna sjóðsins er að auka erlendar fjárfestingar og gert er ráð fyrir að söfnin nái stefnu um erlendar eignir á næstu 2–3 árum.

Erlend verðbréf auka áhættudreifingu

Með því að fjárfesta í erlendum verðbréfum dreifist áhættan á fleiri hagkerfi en það íslenska sem er bæði smátt og einsleitt. Ævisafn I og Ævisafn II hafa náð langtímastefnu um vægi erlendra eigna.


Val um ávöxtunarleið í séreign

Iðgjöld í séreignarsjóð eru greidd í ávöxtunarleið samkvæmt vali sjóðfélaga. Sjóðfélagar geta hvenær sem er skipt um ávöxtunarleið og valið þá leið sem hentar þeim best. Ráðgjafar sjóðsins eru tilbúnir að veita nánari upplýsingar og aðstoða við val á ávöxtunarleið. Hægt er að velja á milli þriggja ávöxtunarleiða sem fjárfesta í hlutabréfum,

skuldabréfum og innlánum (ævisöfn), tveggja ríkisskuldabréfasafna, Innlánaafns og Húsnæðissafns (fjárfestir í skuldabréfum og innlánum).

Söfn með góðri eignadreifingu

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrissparnað, veiti góða áhættudreifingu og skili bestu ávöxtuninni til lengri tíma. Mikilvægt er að dreifa fjárfestingum á milli innlána, skuldabréfa og hlutabréfa og einnig á milli ólíkra landa og hagkerfa.



* Um er að ræða meðalnafnávöxtun í stutta ríkissafninu

Meðal- raunávöxtun	Meðal- tími	Meðaltími markaðsskbr.
0,8	7,7	6,4
0,8	7,8	6,3
0,5	5,8	2,8
1,0	8,5	7,0
1,7*	1,4	1,4
0,6	6,1	6,1
1,5	10,9	1,0

Stærsti eignaflokkurinn

Innlend skuldabréf eru stærsti eignaflokkurinn í ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins. Vægi sjóðfélagalána minnkaði árið 2020 þar sem uppgreiðslur voru umfram nýlánveitingar.

Innlend skuldabréf

Skuldabréfin eru annars vegar markaðsskuldabréf sem alla jafna bera fasta vexti og hins vegar sjóðfélagalán sem eru ýmist með föstum eða breytilegum vöxtum. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ævisafni I, II og samtryggingarsjóði er hátt eða um 80%–82%. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ævisafni III er um 68% en safnið fjárfestir jafnframt í verðtrygðum innlánum. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ríkissafni löngu er um 97%, í Ríkissafni stuttu um 17% og í Húsnæðissafni um 72%.

Ríkisskuldabréf vega þungt

Innlend ríkisskuldabréf vega um 43%–46% af skuldabréfaeign Ævisafns I, II og samtryggingarsjóðs og um 37% af skuldabréfaeign Ævisafns III. Ríkisskuldabréf mynda góðan grunn í blönduðu skuldabréfasafni.

Hagstæð sjóðfélagalán

Í kjölfarið af lækun stýrivaxta Seðlabankans niður í 1% síðastliðið vor og svo í haust niður í 0,75% hafa bankar lækkað óverðtrygga vexti á húsnæðislánum meira en lífeyrissjóðir og boðið óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum nálægt væntri verðbólgu. Fjöldi einstaklinga hefur því endurfjármagnað húsnæðislán sín hjá bönkunum og greitt upp lán hjá lífeyrissjóðum. Á síðasta ári voru uppgreiðslur meiri en nýlánveitingar. Vægi sjóðfélagalána hefur því minnkað í skuldabréfasöfnum sjóðsins. Almenni hefur lagt metnað í að bjóða sjóðfélögum hagstæð lán hjá sjóðnum og á móti fær sjóðurinn stöðuga ávöxtun. Einstaklingar eru almennt góðir greiðendur og sjóðurinn fer fram á fasteignaveð til tryggingar greiðslu.

Binditími skuldabréfa


Meðaltími skuldabréfa segir til um hversu lengi höfuðstóll er bundinn að jafnaði og er vísbending um verðnæmni skuldabréfa ef markaðsvextir breytast. Þannig er hægt að

áætla verðbreytingu skuldabréfs með því að margfalda vaxtabreytingu með meðaltíma þess. Sem dæmi má nefna að skuldabréf með 10 ára meðaltíma hækkar um 10% í verði ef vextir lækka um eitt prósentustig og öfugt.

Þar sem markaðsvextir hafa lækkað á undanförunum misserum hefur meðaltími markaðsskuldabréfa verið stytur til að draga úr markaðsáhættu. Sjóðfélagalán taka ekki hefðbundnum markaðssveiflum þar sem þau eru gerð upp m.v. vaxtakjör bréfanna (uppgreiðsluverðmæti) og mynda því ákveðinn stöðugleika í blönduðu skuldabréfasafni.

Meðalávöxtun er vísbending um framtíðarávöxtun

Meðalávöxtun segir til um meðalávöxtunarkröfu skuldabréfa og er vísbending um hvaða ávöxtun söfnin geta gefið í framtíðinni ef markaðsvextir haldast óbreyttir. Meðalávöxtun í ævisöfnum og samtryggingarsjóði hefur lækkað þar sem ávöxtunarkrafa markaðsskuldabréfa hefur lækkað verulega undanfarin misseri.



Áhættudreifing

Myndin sýnir vægi 10 stærstu félaga í innlenda hlutafjár safni Almenna. Samtals veiga 10 stærstu eignirnar 73%, næstu 10 veiga 19% og minni eignir 8%. Marel vigtar þungt í safninu en er þó nokkuð undirvigtað miðað við vægi félagsins meðal skráðra félaga á Nasdaq OMX Iceland.

Innlend hlutabréf

Hlutabréfaeignir Almenna skiluðu 18,1% heildarávöxtun yfir árið 2020. Skráðar hlutabréfaeignir, sem veiga um $\frac{3}{4}$ hluta safnsins, skiluðu 27,6% heildarávöxtun. Ávöxtun safnsins í heild var mjög góð þrátt fyrir miklar áskoranir á árinu. Heildarávöxtun vísitölu aðallista (OMXIGI) var 25,9% en úrvalsvísitölunnar 21,9%.

Helstu breytingar 2020

Á árinu voru Heimavellir afskráðir úr kauphöllinni en engin nýskráning átti sér stað. Á aðallista kauphallarinnar eru nú skráð 19 hlutafélög og 4 eru skráð á First North markaðinn. Hlutabréfaútboð Icelandair fór fram á haustmánuðum og þótti vel heppnað. Almennigur hafði mikinn áhuga á útboðinu og tók virkan þátt. Þátttaka almennra fjárfesta glædd-

ist í framhaldinu og er það fagnaðarefni enda dýpkar það markaðinn og eykur skoðanaskipti. Velta í skráðum viðskiptum minnkaði um 2% frá fyrra ári en fjöldi viðskipta jókst um 57% sem er til marks um aukna hlutdeild minni fjárfesta.


Fjárfest var í innlendum hlutabréfum fyrir 1,4 milljarða á árinu 2020, mest í skráðum félögum. Yfir árið fjárfesti Almenni fyrir 224 m.kr. umfram sölu og arðgreiðslur.

Dregið úr undirvigt í söfnum

Á árinu var vægi innlendra hlutabréfa í fjárfestingastefnu Ævisafns III aukið úr 4% í 6% og er vægi eignarflokksins í blönduðum söfnum Almenna lífeyrissjóðsins nú á bilinu 6% til 12%. Hlutafjáreignir Almenna námu alls 27,3 milljörðum í árslok. Vigt eignarflokksins breyttist lítið frá upphafi til enda árs og var nálægt stefnu sjóðsins á heildina lítið.

Áhættudreifing

Við stýringu innlendra hlutafjáreigna er lögð áhersla á áhættudreifingu. Við stýringuna er horft til undirliggjandi áhættu af rekstri eða eignum hlutafjáreigna og reynt að dreifa henni á útgefendur, atvinnugreinar og markaðssvæði. Með þessu er verið að leitast við að lágmarka sértæka áhættu.



Sundurliðun eigna

Myndin sýnir sundurliðun á undirliggjandi áhættu á atvinnugreinum í innlendu hlutabréfasafni Almenna lífeyrissjóðsins. Horft er í gegnum sjóði í sundurliðuninni.

Hagvaxtarskeiðið kórónað

Árið 2020 fer í sögubækurnar vegna faraldurs kórónaveirunnar sem markaði brattan endi á níu ára hagvaxtarskeiði árin á undan. Bjartskýni ríkti á fyrstu vikum ársins en eftir því sem farsóttin ágerðist varð ljóst að stefndi í mikið efnahagslegt áfall á heimsvísu. Í þriðju viku mars tilkynntu seðlabankar Bandaríkjanna og Evrópu um umfangsmestu hagrænu björgunaraðgerðir fram til þessa með vaxtalækkun og peningaprentun. Seðlabanki Íslands lét ekki sitt eftir liggja, meginvextir bankans voru lækkaðir um 2,25 prósentustig yfir árið og enduðu í 0,75%, sveiflujöfnunarauki á fjármála-fyrirtæki var lækkaður úr 2% í 0%, lausafé var aukið með margvíslegum aðgerðum og magnbundin íhlutun boðuð með aðgerðum á skuldabréfamarkaði. Óhætt er að segja að aðgerðir seðlabankanna hafi haft jákvæð áhrif á alla eignamarkaði, jafnt hérlandis og erlendis.

Ríkisstjórn Íslands stóð fyrir margþættum aðgerðum til stuðnings við atvinnulíf og heimili sem skiluðu árangri á árinu. Ljóst má vera að án þeirra hefði efnahagslega áfallið af

farsóttinni orðið þyngra, vegið niður fleiri atvinnugreinum og leitt til tapaðra framleiðsluþátta sem hefðu seinkað viðsnún-ingnum þegar kófinu léttir.

Innlend eftirspurn reyndist sterk og kom það á óvart hvað Íslendingar, sem sitja fastir í heimalandinu, bæta upp fyrir vöntun á mörgum ferðamönnum.

Í annarri viku nóvember bárust staðfestar fréttir af fyrsta bólu-efninu og framhaldinu tíðindi af fleiri bóluefnum. Við sjáum því fyrir endann á farsóttarástandinu á næstu misserum og er biðin eftir afléttingu aðgerða síður fyrir ópolinmóða. Líklegt er að daglegt líf og venjur Vesturlandabúa komist nærri því sem við áður áttum að venjast á seinni hluta ársins 2021, en óvíst er hversu hratt opnast fyrir ferðamannaiðnaðinn að fullu. Hag-vaxtarhorfur á heimsvísu eru jákvæðar frá og með árinu 2021.


Ljósið handan bólusetningar

Framundan er tímabil uppbyggingar á Íslandi og endur-fjármögnunar þess hluta atvinnulífs sem verst varð fyrir barðinu af Covid-19. Ísland stendur sterkum fótum, þrátt fyrir


ágjöfina, og hefur fulla burði til að sýna sterka viðspyrnu á árinu. Á næstu misserum munu togast á bætt afkoma mikil-vægra atvinnugreina, fjármögnun herkostnaðar af kóróna-veirunni og samspil vaxtastigs og eignaverðs sem hefur hækkað nokkuð. Við teljum ástæðu til bjartskýni en hóflegra væntinga um arðsemi fjárfestinga og fjármagns.

Horfur í rekstri innlendra fyrirtækja


Útlit er fyrir að um mitt ár 2021 verði Ísland opnað fyrir komu tiltekinna hópa ferðamanna sem mun marka upphafið að viðsnúningi til hefðbundnari aðstæðna í atvinnulífinu. Óvissa er uppi vegna jarðhræringa á Suðurnesjum en sem sakir standa er útlit fyrir að eldgosið í byrjun árs verði ágætis landkynning. Horfur í innlendu atvinnulífi eru ágætar um þessar mundir og allar forsendur til staðar fyrir sterkri viðspyrnu, þótt einhver misseri muni líða þar til efnahagslífið nær vopnum sínum að fullu á ný. Í endurkomunni verður lögð enn ríkari áhersla á UFS þætti, þ.e. umhverfi, félagsleg málefni og stjórnaðhætti.




Ævisafn I




Ævisafn II



Ævisafn III



Samtryggingarsjóður



Hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum

Hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum hækkar á milli ára. Kökuritin hér til hliðar sýna skiptingu eigna í innlendar og erlendar eignir. Dökki hlutinn eru erlendar eignir og þar kemur jafnframt fram hlutfallslegt vægi þeirra í ávöxtunarleiðum.

Verðhækkningar og vöxtur erlendra eigna

Erlendar eignir Almenna lífeyrissjóðsins voru ríflega 111 milljarðar í árslok 2020 og hækkuðu um rúma 23 milljarða króna á árinu, að hluta til vegna verðhækkana á markaði. Erlendar fjárfestingar á árinu 2020 voru nettó um 7,8 milljarðar króna. Fjárfestingar skiptast í skráð hlutabréf, sérhæfða sjóði, ríkisskuldabréf, skammtímasjóð og gjaldeyrisreikninga. Stærsti eignaflokkurinn eru skráð hlutabréf. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI hækkaði um 15,9% í USD á árinu 2020 og hefur hækkað að jafnaði um 9,9% í USD á ári síðastliðin tíu ár. Heimsvísitalan hækkaði meira á árinu 2020 mælt í íslenskum krónum, eða um 21,8% þar sem íslenska krónan veiktist gagnvart USD.

Hlutabréf stærsti eignaflokkurinn


Skráð hlutabréf vega um 79% af erlendum eignum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar Almenni lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar í hlutabréfum. Við val á sjóðum er horft til ýmissa atriða eins og árangurs, kostnaðar, aðferða og stöðugleika í rekstri. Áhersla er lögð á fjárfestingar í sjóðum þar sem áhættudreifing er mikil og kostnaður lágur.

Erlend skuldabréf draga úr áhættu

Í árslok 2020 vógu erlend skuldabréf um 9% af erlendum eignum lífeyrissjóðsins. Hluti skuldabréfanna er í skammtímasjóði og hluti í erlendum ríkisskuldabréfum, sem útgefin eru af Evrópuríkjunum og Bandaríkjunum. Skuldabréfin eru mikilvæg til að auka áhættudreifingu í eignasöfnum lífeyrissjóðsins. Skammtímasjóðir hafa einnig verið nýttir til að dreifa hlutabréfafjárfestingum yfir lengra tímabil.

Sérhæfðir sjóðir jafna sveiflur í ávöxtun

Sérhæfðir sjóðir vógu í heildina tæp 11% af erlendum eignum í árslok 2020. Sérhæfðir sjóðir fjárfesta t.d. í óskráðum hlutabréfum (private equity), lánasamningum (credit funds/privat debt) og innviðum. Stefnt er að því að auka fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum og stefnan er að sjóðir sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum vegi um 3–7% af blönduðum söfnum, þ.e. ævisöfnum og samtryggingarsjóði. Því til viðbótar er stefnt að því að fjárfesta um 2–5% af blönduðum söfnum í sjóðum sem fjárfesta í öðrum eignum, t.d. veðtryggðum bankalánum og skuldabréfum. Sérhæfðir sjóðir geta jafnað sveiflur í ávöxtun yfir ákveðin tímabil. Verðmæti sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum sveiflast t.d. gjarnan með öðrum hætti en verðmæti skráðra hlutabréfa og eru sjóðirnir því mikilvægir til að jafna sveiflur. Slíkir sjóðir hafa jafnframt skilað ágættri ávöxtun undanfarin ár og markmið þeirra er að skila ávöxtun umfram skráð bréf á markaði.



Eignir

Hlutabréfasjóðir	ma.kr.
iShares Developed World ESG Screened Index Fund	22,2
iShares Developed World Index Fund	21,0
Vanguard Global Stock Index Fund	17,1
Vanguard ESG Developed All Cap Equity Index Fund	11,9
T.Rowe Price Global Focused Growth Equity Fund	8,9
GuardCap Global Equity Fund	7,0
	88,2

Áhættudreifing

Áhersla er lögð á að dreifa áhættu í fjárfestingum á erlendum mörkuðum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar og í erlendum hlutabréfafjárfestingum er hlutfall vísitölusjóða jafnframt hátt eða um 75%.

Sjálfbærni

Áhersla er lögð á sjálfbærni í erlendum hlutabréfafjárfestingum í samræmi við stefnu sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur tekið markviss skref m.a. til að auka umhverfissjálfbærni í erlendu hlutabréfasafni sjóðsins og dregið þannig úr kolefnisspori fjárfestinga.

Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Stefnt er að því að um 70% af erlendri hlutabréfaeign séu markaðssjóðir (index funds) sem fjárfesta í sömu hlutföllum og hlutabréf vega á markaði og í hermisjóðum (enhanced funds) sem herma eftir vísitölu en eru virkari. Stefnan er að um 15% séu virkir sjóðir, þ.e. sjóðir sem velja verðbréf með það að markmiði að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala hlutabréfa. Jafnframt er stefnt að því að um 15% af erlendri hlutabréfaeign sé í sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum (private equity) og í innviðasjóðum (infrastructure).

Mikil dreifing en aukin samþjöppun á markaði

Mikil áhættudreifing einkennir erlenda hlutabréfasafnið og hlutfall vísitölusjóða er hátt. Erlenda safnið á hlutfall í yfir 4.000 fyrirtækjum í 56 löndum sem skilar sér inn í þær ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í hlutabréfum. Aukin samþjöppun á markaði og mikill vöxtur upplýsingatæknifyrirtækja undanfarin ár hefur hinsvegar leitt til þess að áhætta á einstök fyrirtæki í dreifðum sjóðum, t.d. vísitölusjóðum, hefur aukist. Þannig vega fimm stærstu tæknifyrirtækin á skráðum markaði nú tæplega 14% í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI og hefur vægi þeirra meira en tvöfaldast á undanförunum fimm árum. Þá vegur stærsta fyrirtækið, Apple yfir 4% í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI og hefur vægið tvöfaldast á sl. tveimur árum.

Landaskipting og atvinnugreinar

Sjóðurinn stefnir á að landaskipting og atvinnugreina-skipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Þessi hlutföll geta þó orðið eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna virkra hlutabréfasjóða sem velja einstök fyrirtæki.

Vægi erlendra eigna í söfnum

Vægi erlendra eigna í samtryggingarsjóði og Ævisafni III er nokkuð lægra en fjárfestingarstefna gerir ráð fyrir og áfram er stefnt að því að auka erlendar fjárfestingar og gert er ráð fyrir að söfnin nái stefnu á næstu 2–3 árum. Aðrar ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í erlendum hlutabréfum (Ævisafn I og II) hafa náð stefnu um erlendar eignir.

Útgefendur skuldabréfa	Samtr- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III
Ísland – ríkisskuldabréf	21,1%	11,7%	18,0%	18,2%
Sjóðfélagalán	14,2%	6,1%	10,6%	17,6%
Reykjavíkurborg	3,0%	1,5%	2,3%	1,1%
IS Lausafjársefn	1,6%	1,1%	1,7%	4,0%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1,5%	0,8%	1,2%	0,9%
Eik fasteignafélag hf.	1,4%	0,8%	1,3%	1,8%
Íslandsbanki hf.	1,1%	0,7%	1,1%	2,2%
Reitir fasteignafélag hf.	1,1%	0,7%	1,1%	2,2%
Arion banki hf.	1,0%	0,5%	0,8%	1,0%
Landsbankinn hf.	0,9%	0,6%	1,0%	2,4%
Samtals vægi	46,7%	24,5%	39,2%	51,9%
Heildarstærð í milljörðum króna	147,3	33,8	73,3	27,1

Nánari upplýsingar

Upplýsingar um stærstu skuldara í hverri ávöxtunarleidd eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna nánari upplýsingar um útgefendur á síðu hverrar ávöxtunarleiddar.

Ólíkt vægi skuldabréfa

Ríkisskuldabréf og veðtryggð sjóðfélagalán vega þýngst. Samanlagt vega 10 stærstu útgefendur skuldabréfa misþungt í söfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum eða frá tæpum 25% upp í tæp 52% af eignum.

Lánshæfismat og viðmiðanir

Við kaup á skuldabréfum er m.a. horft til fjárhagslegs styrkleika útgefenda. Við kaup á erlendum skuldabréfum útgefenda með opinbert lánshæfismat skal miðað við að útgefandi hafi a.m.k. lánshæfismat eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Við kaup á skuldabréfum sem hafa ekki lánshæfismat skulu sjóðstjórar yfirfara atriði sem talin eru upp í V. kafla fjárfestingarstefnunnar og meta hvort útgefendur uppfylli skilyrði um traustan efnahag og góða rekstrarafkomu. Almennt er mati á útgefanda skipt upp í eðlislæga og mælanlega þætti útgefanda og útgáfunnar. Eðlislægir þættir eru t.d. atvinnugrein, lagaumhverfi og skilmálar útgáfu. Þeir mælanlegu þættir sem horft er til eru fjármagnsskipan, greiðslugeta og arðsemi.

Skilmálar til að tryggja endurgreiðslu

Sjóðurinn fer fram á að óveðtryggð skuldabréf innihaldi skilmála til að tryggja endurgreiðslu bréfanna. Skilmálarnir fjalla um upplýsingaskyldu, eiginfjárvöð, breytingar á grundvallarrekstrarþáttum, breytingar á eignarhaldi, um sölu eigna, um skuldsetningu, um veðsetningu eigna, um vanskil annarra skuldbindinga, um rétt kröfuhafa, vaxtaþekju og fleira.

Stærstu útgefendur

Ríkissjóður er stærsti útgefandi skuldabréfa í söfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Vægi skuldabréfa með ríkisábyrgð og sjóðfélagalána hefur farið lækkanði á árinu 2020 frá fyrra ári. Á móti hefur vægi hlutabréfa og erlendra eigna aukist. Bakvið sjóðfélagalánin eru um 1.580 greiðendur. Ef sjóðfélagalán eru talin sem einn útgefandi eru samtals um 308 útgefendur í skuldabréfasöfnum. Vægi

útgefenda er nokkuð breytilegt milli safna en það ræðst m.a. af markmiði um sparnaðartíma og vægi erlendra verðbréfa. Í Ævisafni III er um 20,2% eigna ávaxtað á innlánsreikningum hjá Íslandsbanka (9,4%), Landsbankanum (6,4%) og Arion banka (4,4%).

Önnur söfn

Eins og nöfn safnanna gefa til kynna er ríkissjóður eini útgefandi skuldabréfa í ríkissöfnunum en söfnin hafa einnig heimild til að hafa hluta eigna í innlánum. Innlánasafnið ávaxtar eignir sínar á innlánsreikningum hjá Íslandsbanka (27%), Arion banka (34%), Landsbankanum (33%) og Kviku banka (6%). Inneignir sjóðfélaga í Innlánasafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar. Húsnæðissafnið er ekki stórt í samanburði við hin söfnin en það er um 396 m.kr. að stærð og vega sjóðfélagalánin rúm 77%, innlán rúm 11% og ríkisbréf rúm 11%.

Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa



Útgefendur hlutabréfa	Samtr- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III
Marel hf.	2,5%	2,9%	2,5%	1,0%
Apple Inc	1,0%	1,9%	1,3%	0,6%
Festi hf.	1,0%	1,2%	1,0%	0,4%
Eik fasteignafélag hf.	0,9%	1,1%	0,9%	0,4%
Microsoft Corp	0,7%	1,3%	0,9%	0,4%
Alphabet Inc	0,7%	1,3%	0,9%	0,4%
Amazon.com Inc	0,7%	1,2%	0,9%	0,4%
Jarðvarmi	0,5%		0,5%	0,2%
Mastercard Inc	0,4%	0,8%	0,6%	0,2%
HSV eignarhaldsfélag	0,4%			
Facebook Inc.		0,8%	0,5%	0,2%
United Health Group Inc.		0,6%		
Samtals vægi	9,0%	13,1%	10,1%	4,1%
Heildarstærð í milljörðum króna	147,3	33,8	73,3	27,1

Nánari upplýsingar

Upplýsingar um stærstu hlutabréfaeignir ávöxtunarleiða eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla útgefendur á síðu hverrar ávöxtunarleiðar.

Vaxandi hlutabréfasafn

Vægi hlutabréfa í ávöxtunarleiðum Almenna hefur farið vaxandi á árinu 2020. Einstakir útgefendur vega lítið. Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa vega mest 13,1% í Ævisafni I en minnst er vægi þeirra 4,1% í Ævisafni III.

Hlutabréf

Sagan segir að hlutabréf skili hæstu ávöxtuninni á löngum tíma og að ávöxtun þeirra sveiflist mest. Hlutabréf eru aftast í kröfuröðinni og því er tapsáhætta þeirra einnig mest. Þess vegna skiptir áhættudreifing öllu máli þegar fjárfest er í hlutabréfum. Þar sem innlendur hlutabréfamarkaður er tiltölulega lítill og með fáum útgefendum vega erlend hlutabréf þyngra en innlend í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni fyrir samtryggingarsjóð er stefnt að því að erlend hlutabréf ásamt sérhæfðum sjóðum vegi 16% til 56,5% og innlend hlutabréf ásamt sérhæfðum sjóðum 3,5% til 17% af eignum sjóðsins. Þessi hlutföll eru mismunandi eftir stefnum hverrar ávöxtunarleiðar fyrir sig. T.a.m. er Ævisafn III með lægsta hlutfall erlendra hlutabréfa í stefnu sinn á meðan það er hvað hæst í Ævisafni I.

Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfasjóða (UCITS). Við greiningu hlutabréfaeignar Almenna í einstökum erlendum hlutafélögum er horft í gegnum verðbréfasjóði sem sjóðurinn á hlutdeild í.

Innlend hlutabréf

Uppbygging innlenda hlutabréfasafnsins fer að meirihluta fram með fjárfestingum í skráðum hlutafélögum og sérhæfðum sjóðum. Stefnt er að því að byggja upp safn fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn, traustan efnahag og geta skilað góðri ávöxtun til framtíðar. Hlutabréfasafninu er stýrt með virkri stýringu og beita sjóðstjórar faglega viðurkenndum aðferðum við verðmat og áhættugreiningu.

Stærstu útgefendur

Í árslok 2020 voru um 4.550 útgefendur í hlutabréfasöfnum sjóðsins. Vegna fjölda útgefenda er vægi einstakra útgefenda tiltölulega lítið og því vega 10 stærstu útgefendur hlutabréfa mun minna en vægi stærstu útgefenda skulda-bréfa. Stærstu innlendu útgefendur hlutabréfa í eigu sjóðsins eru Marel, Festi, Eik fasteignafélag, Jarðvarmi og HSV eignarhaldsfélag. Stærstu erlendu útgefendurnir eru bandarísku tæknirísarnir Apple, Microsoft, Alphabet (Google), Amazon og Mastercard.



Ársreikningur

Almenna lífeyrissjóðsins 2020



Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyris-sjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að frádreginni virðisrýrnun. Ársreikningur sjóðsins var staðfestur af stjórn á stjórnarfundi þann 10. mars en hefur verið endurútgefinn vegna mistaka sem urðu í útreikningi á tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins. Sjá nánar í skýringu 45.

Eignir og fjöldi sjóðfélaga

Í árslok 2020 nam hrein eign til greiðslu lífeyris 310 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 40 milljarða eða um 15% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 52.612 og fjölgaði þeim um 8,5% milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris í séreignarsjóði var 162 milljarðar króna og í samtryggingarsjóði 147 milljarðar króna.

Iðgjöld

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2020 voru samtals 16,9 milljarðar sem er 7,5% hækkun frá árinu áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksíðgjöld voru 12,4 milljarðar og viðbótariðgjöld 4,4 milljarðar. Á árinu greiddu 10.664 sjóðfélagar að meðaltali til samtryggingarsjóðs á móti 8.768 árið áður sem er 21,6% fjölgun milli ára. Iðgjöld í samtryggingarsjóð námu alls 6,6 milljörðum sem er 7,4% hækkun milli ára. Á árinu greiddu 6.740 sjóðfélagar að meðaltali viðbótarsparnað til séreignarsjóðs á móti 6.486 árið áður sem er 3,9% fjölgun milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 10,3 milljarðar sem er 8% hækkun frá árinu áður.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 2,8 milljarðar árið 2020 sem er 15% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 2.271. Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 5,3 milljörðum sem er 64% hækkun frá árinu áður. Á árinu var greiddur 1,5 milljarður í aukagreiðslu vegna tíma bund-innar opunar séreignarsparnaðar vegna heims faraldurs til 941 sjóðfélaga, 1,0 milljarður inn á húsnæðislán til 2.626

sjóðfélaga og 84,4 milljónir vegna kaupa á fyrstu íbúð fyrir 100 sjóðfélaga samkvæmt úrræði ríkisstjórnarinnar sem heimilar sjóðfélögum að greiða tímabundið inn á höfuðstól húsnæðislána og verja uppsöfnuðu iðgjaldi til kaupa á fyrstu íbúð á tíu ára tímabili.

Sjóðfélagalán

Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 14,3 milljarða með veði í fasteignum en árið 2019 voru veitt ný lán fyrir 14,7 milljarða. Á árinu voru greidd upp eldri lán fyrir 15,4 milljarða þannig að nettó voru uppgreidd lán fyrir 1,1 milljarð. Sjá nánar um lán undir liðnum *önnur mikilvæg atriði*.

Verðbréfaeign og ávöxtun

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 68,3 milljarða á árinu 2020 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 4,0% til 16,0% og raunávöxtun 0,5% til 12,1%.

Tryggingafræðileg staða

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóðs eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

1. Áunnin staða. Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
2. Framtíðarstaða. Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
3. Heildarstaða. Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda.

Hrein nafnávöxtun samtryggingarsjóðs á árinu 2020 var 12,0%, en við eignamat sem notað er við mat á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðsins, er reiknað með nafn-

ávöxtun 13,1% og raunávöxtun 9,3% samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Ávöxtunarviðmið sem er notað til að núvirða skuldbindingar er hins vegar 3,5% raunávöxtun sem þýðir að raunávöxtun á árinu umfram núvirðingarkröfuna var 5,6%.

Tryggingafræðileg staða batnaði um 4,1 prósentustig á árinu 2020 vegna góðrar ávöxtunar. Tryggingafræðileg úttekt samtryggingarsjóðs miðað við 31. desember 2020 sýnir að áfallnar skuldbindingar eru 0,2% hærri en núvirtar eignir og heildarskuldbindingar (áfallnar skuldbindingar að viðbættum skuldbindingum vegna framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga) eru 1,6% umfram heildareignir sem samanstanda af núvirtum eignum og framtíðariðgjöldum. Samkvæmt úttektinni eru heildareignir samtryggingarsjóðs 228,3 milljarðar og heildarskuldbindingar 232 milljarðar.

Félag íslenskra tryggingarstærðfræðinga samþykkti á fundi sínum, 9. desember 2020, nýtt spálíkan um breytingar á dánartíðni til framtíðar, eftir tillögu lífnefndar félagsins. Nýja líkanið gengur út á að reikna lífslíkur út frá spám um þróun í framtíðinni sem byggir á því að meðalævi landsmanna muni halda áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni. Breyttar forsendur gera ráð fyrir lengri lífaldri sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóðanna þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka. Félagið hefur sent tillögur um nýjar dánar- og eftirlífendatöflur til fjármálaráðherra sem gefur út töflur fyrir lífeyrissjóði til að nota við mat á skuldbindingum samkvæmt reglugerð nr. 391/1998. Líklegt er að ráðherra fallist á tillögu félagsins og nýjar töflur gildi í tryggingafræðilegu uppgjöri í árslok 2021. Talnakönnun hefur reiknað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við þessar forsendur og versnar áunnin staða úr -0,2% af skuldbindingum í -2,9%, framtíðarstaða úr -3,5% í -10,6% og heildarstaða úr -1,6% í -6,2% af heildarskuldbindingum. Miðað við þessar niðurstöður er áunnin staða í jafnvægi við innleiðingu á breyttum lífslíkum sem byggja á staðallíkum fyrir landsmenn alla.

Versnandi framtíðarstaða þýðir hins vegar að sjóðurinn þarf



að bregðast við til að koma stöðunni í jafnvægi með útgáfu á nýrri réttindatöflu og mögulega hækkun á iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar í samtryggingarsjóð. Til skoðunar er hvort sjóður þurfi að reikna með álagi á staðallíkur vegna þess að í fortíð hafa sjóðfélagar Almenna lifað lengur en meðaltal landsmanna. Verði það gert munu skuldbindingar samtryggingarsjóðsins hækka.

Laun og fjöldi stöðugilda

Laun og launatengd gjöld starfsmanna, stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 460,7 milljónum á árinu. Stöðugildi voru 21 í lok árs.

Önnur mikilvæg atriði

Í lok febrúar 2020 greindist fyrsti Íslendingurinn með sjúkdóminn Covid-19 og þann 6. mars lýsti ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvarnlækni. Sem kunnugt er breiddist veiran um heiminn og varð að alheimsfaraldri sem leiddi til efnahagssamdráttar um allan heim. Óþarfi er að tíunda nánar um áhrif Covid-19 á efnahagskerfi heimsins og hérlandis. Starfsfólk Almenna lífeyrissjóðsins brást strax við og setti upp viðbragðsáætlun sem miðaði að því að halda starfsemi sjóðsins gangandi og tryggja lágmarkspjónustu við sjóðfélaga. Þegar sett var á samkomubann á fleiri en 20 einstaklingum, síðar 10, var fyrirkomulagi daglegs reksturs breytt. Afgreiðsla sjóðsins var lokað frá 16. mars til 18. maí og síðan aftur frá 6. október fram í mars 2021. Starfsmenn skiptu sér í tvo hópa og vann helmingur þeirra að heiman viku í senn til að draga úr smithættu og minnka líkur á röskun á starfsemi sjóðsins. Þjónusta við sjóðfélaga fór fram í gegnum síma, netspjall, með fjarfundum og tölvupóstsamskiptum. Í fyrstu bylgju faraldursins ákvað sjóðurinn að veita þeim lántökum tímabundið greiðslufrest af lánum sjóðfélaga sem áttu í greiðsluerfiðleikum vegna atvinnumissis eða forsendubrests vegna Covid-19. Einnig var ákveðið að koma til móts við tímabundna erfiðleika launagreiðenda með því að reikna

almenna vexti í stað dráttarvaxta af iðgjöldum í vanskilum.

Á árinu 2020 breyttust aðstæður á húsnæðislánamarkaði eftir að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í nokkrum skrefum úr 2,75% í 0,75%. Í kjölfarið hafa bankar lækkað vexti á húsnæðislánum meira en lífeyrissjóðir og boðið óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum nálægt væntri verðbólgu á næstu árum. Afleiðing þessa er að fjöldi einstaklinga hefur endurfjármagnað húsnæðislán sín hjá bönkunum og greitt upp lán hjá lífeyrissjóðum. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og í fyrsta sinn í sögu sjóðsins voru uppgreidd lán meiri en nýjar lánveitingar. Á undanförunum árum hafa sjóðfélagalán sem hlutfall af eignum sjóðsins vaxið mikið en sem dæmi má nefna að hrein útlán á fimm ára tímabili á árunum 2015-2019 námu 31 milljarði eða 6,2 milljörðum á ári. Á þessu tímabili jókst hlutfall sjóðfélagalána úr 12,4% í 17,6% af eignum samtryggingarsjóðs. Hlutfallið lækkaði á árinu 2020 og var 14,1% í árslok.

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2021 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 25. nóvember 2020. Mestar breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu Ævisafn III en í nýrri stefnu er stefnt að 30% vægi hlutabréfa í stað 20% áður. Tiltölulega litlar breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu annarra ávöxtunarleiða.

Húsnæðissafn fellur nú undir fjárfestingarheimildir fyrir lágmarkstryggingarvernd ásamt Ævisafni II, Ævisafni III, Ríkissafni löngu og Ríkissafni stuttu. Ævisafn I og Innlánasafn lúta áfram takmörkunum í fjárfestingarheimildum fyrir viðbótartryggingarvernd. Mismunur fjárfestingarheimilda tekur meðal annars til takmarkana á mótaðilaáhættu en þær takmarkanir eru þrengri í heimildum fyrir lágmarkstryggingarvernd. Þau söfn sem falla undir lágmarkstryggingarvernd geta tekið á mótið tilgreindri séreign.

Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er nú staðfest sérstaklega af stjórn. Í stefnunni er horft til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fjárfestingum lífeyrissjóðsins. Þessir þættir eru mikilvæg forsenda fyrir sjálfbærni, þannig að fyrirtæki geti skilað góðri

afkomu til langs tíma. Þannig fléttar sjálfbær þróun saman langtímahagsmunum fjárfesta og samfélagsins alls.

Stjórnarháttayfirlýsing

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðrum þeim reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti ávallt sér að leiðarljósi. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins meðal annars litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnarháttayfirlýsing fylgir ársreikningnum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d í lögum um ársreikninga

Lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Í gr. 66. d í lögum um ársreikninga kemur m.a. fram að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

Í stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir með ársreikningnum eru upplýsingar um grundvöll sjóðsins, hlutverk og markmið, stefnu í umhverfis-, félags- og starfsmannamálum. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er fjallað um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar en á því sviði getur sjóðurinn fyrst og fremst beitt sér í umhverfismálum, samfélagsmálum og við innleiðingu góðra stjórnarháttanna. Við mat á fjárfestingarkostum er horft til ýmissa þátta í starfsemi útgefenda sem tengjast samfélagslegri ábyrgð og umhverfismálum.

Fyrirtækjum ber meðal annars að fara að lögum og reglum, virða kjarasamninga og aðra samninga um réttindi starfsfólks, móta og fylgja eftir stefnu um umhverfismál og

samfélagslega ábyrgð. Almenni lífeyrissjóðurinn fylgir eftir stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar með því að tilgreina sérstaklega á minnisblöðum, við mat á fjárfestingar-

kostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, samfélagslega ábyrgð og stjórnarhætti.

Staðfesting ársreikningsins

Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdarstjóra

Reykjavík, 15. september 2021

Stjórn:

Hulda Rós Rúriksdóttir, stjórnarformaður

Oddur Ingimarsson, varaformaður

Arna Guðmundsdóttir

Davíð Ólafur Ingimarsson

Ólafur H. Jónsson

Sigríður Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Gunnar Baldvinsson



Til stjórnar og sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning þann 31. desember 2020, yfirlit um sjóð-streymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingar-sjóðs, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar á ársreikningnum er í samræmi við innihald annarra skýrslna sem við höfum afhent endurskoðunarnefnd sjóðsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunar-staðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Almenna lífeyrissjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Eftir okkar bestu vitund, þá höfum við ekki veitt lífeyrissjóðnum neina óheimila þjónustu sem endurskoðendur lífeyrissjóðsins samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í grein 5(1) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ábending

Við viljum vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og í skýringu 45 sem fjallar um endurútgáfu ársreiknings sjóðsins vegna villu í útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu hans. Við gerum ekki fyrirvara í álit okkar vegna þessa.

Ráðning endurskoðanda

Við vorum upphaflega kosin sem endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins, fyrir árið 2017, á ársfundi sjóðsins þann 7. apríl 2016 og höfum verið endurkjörin á hverju ári síðan.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Við höfum uppfyllt skyldur okkar eins og þær eru tilgreindar í kaflanum „ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins“ hér að neðan, sem og í tengslum við lykilatriði í endurskoðun. Endurskoðunin fól í sér hönnun og framkvæmd á endurskoðunaraðgerðum til að bregðast við mati okkar á verulegri áhættu í ársreikningnum. Niðurstaða endurskoðunaraðgerða okkar, þar á meðal þær aðgerðir sem útlistaðar eru hér að neðan, mynda grunn okkar að áritun á ársreikning sjóðsins.

• Mat á óskráðum fjárfestingum

Verðmæti óskráðra fjárfestinga og skráðra fjárfestinga með stopul viðskipti nam 31.203 m.kr. eða um 10% af heildareignum þann 31. desember 2020 (29.941 þann 31. desember 2019). Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirkis-þrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi.

Á meðal ofangreindra fjárfestinga eru óskráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, framtakssjóðir (sjóðir umsaminlegar fjárfestinga), óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf með stopul viðskipti. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á ávöxtunarkröfu óskráðra hlutabréfa
- Mat á framtíðargreiðsluflæði
- Mat á grunnkröfu skuldabréfa
- Mat á skuldaálagi

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Ferli við fjárfestingar og mat var yfirfarið.
- Fyrir áhættumiðað úrtak var lagt mat á aðferðafræði og forsendur óskráðra hlutabréfa, hlutdeildarskírteina og framtakssjóða og kallað var eftir stuðningsgögnum að baki verðmati.
- Fyrir áhættumiðað úrtak skuldabréfa var lagt mat á aðferðafræði og forsendur eins og grunnkröfur, skuldaálag og mótaðilaáhættu.
- Farið var yfir flokkun óskráðra fjárfestinga í þrepaskiptingu gangvirkis.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar í skýringum 10,11,23 – 31.

• Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 231.955 m.kr. þann 31. desember 2020 (208.280 þann 31. desember 2019). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2020 nam -1,6% þar sem skuldbindingar voru umfram eignir í árslok (-3,8% í árslok 2019). Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfandi hjá sjóðnum.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á sértækum lífslíkum
- Mat á sértækum örorkulíkum
- Sértækir útreikningar



Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyrisskuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði, með aðstoð innri tryggingastærðfræðings EY eftir atvikum:

- Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.
- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.
- Framkvæmdar voru aðgerðir með úrtökum til að sannreyna inntaksgögn og útreikninga.
- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.
- Yfirfarnar voru næmigreiningar með því að skoða áhrif breytinga á lykilorðum í líkaninu.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar yfirlit um tryggingafræðilega stöðu ásamt skýringum 36, 42 og 45.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi sjóðsins og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að

leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reiknings-

haldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstæða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.



Reykjavík, 15. september 2021

Geir Steindórsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020



	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		5.714.541	5.332.358
Iðgjöld launagreiðenda		11.098.475	10.333.012
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		79.146	50.324
		16.892.162	15.715.694
Sérstök aukaframlög		26.116	23.879
	6,13	16.918.278	15.739.574
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris		8.051.527	5.617.725
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		73.586	72.501
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.592	2.635
	7,14	8.127.705	5.692.862
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	8,15	22.383.572	19.906.007
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8,16	8.300.954	8.735.783
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		1.239.746	1.231.576
Vaxtatekjur af handbæru fé		523.338	471.115
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		21.853	26.938
Fjárfestingargjöld	9,17	(23.471)	(17.849)
		32.445.992	30.353.570
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18–22	814.102	753.910
Aðrar tekjur		4.285	4.313
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		40.426.748	39.650.684
Hrein eign frá fyrra ári		269.133.633	229.482.949
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		309.560.381	269.133.633

	Skýr.	2020	2019
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23-26	144.123.665	108.327.426
Skuldabréf	27-29	124.729.287	121.065.252
Bundnar bankainnstæður		28.452.207	27.762.014
Aðrar fjárfestingar		2.760	2.760
		297.307.919	257.157.452
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		600.000	570.000
Aðrar kröfur		34.227	8.502
		634.227	578.502
Handbært fé		11.979.715	11.630.346
Eignir samtals		309.921.861	269.366.300
Skuldir:			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	33	308.299	176.876
Aðrar skuldir	34	53.181	55.790
Skuldir samtals		361.480	232.667
Hrein eign til greiðslu lífeyris		309.560.381	269.133.633
Skuldbindingar utan efnahags	12	15.378.115	8.746.162

	Skýr.	2020	2019
Inngreiðslur:			
Löggjöld		16.910.131	15.716.512
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		105.654	347.806
Aðrar inngreiðslur		5.843	14.052
		17.021.628	16.078.370
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		8.050.999	5.661.985
Rekstrarkostnaður		780.403	759.396
Aðrar útgreiðslur		21.134	8.947
		8.852.535	6.430.328
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		8.169.093	9.648.042
Fjárfestingarhreyfingar:			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		362.132	1.207.656
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(33.025.906)	(14.823.169)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		19.508.636	4.843.650
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		29.330.090	17.714.347
Keypt skuldabréf		(35.318.352)	(20.581.437)
Seld skuldabréf		10.318.998	88.591
Ný bundin innlán		0	(250.000)
Endurgreidd bundin innlán		550.000	0
		(8.274.402)	(11.800.362)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(105.309)	(2.152.320)
Gengismunur af handbæru fé		454.678	123.327
Handbært fé í upphafi árs		11.630.346	13.659.340
Handbært fé í lok árs		11.979.715	11.630.346



	Skýr.	31. desember 2020			31. desember 2019		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:	36						
Hrein eign til greiðslu lífeyris		147.228.268	0	147.228.268	127.891.342	0	127.891.342
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(7.047.567)	0	(7.047.567)	(6.778.989)	0	(6.778.989)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa		(1.932.799)	0	(1.932.799)	(1.310.354)	0	(1.310.354)
Núvirði framtíðarþjálfingarkostnaðar		(226.862)	0	(226.862)	(252.955)	0	(252.955)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		(3.550.839)	(5.169.284)	(8.720.123)	(3.149.740)	(4.533.315)	(7.683.055)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	98.953.549	98.953.549	0	88.406.102	88.406.102
Eignir samtals		134.470.200	93.784.264	228.254.465	116.399.304	83.872.788	200.272.092
Skuldbindingar:							
Ellilífeyrir		120.180.263	88.364.270	208.544.533	108.596.954	79.142.730	187.739.684
Örorkulífeyrir		4.978.012	4.987.014	9.965.026	4.122.553	4.287.233	8.409.785
Makalífeyrir		9.382.115	2.508.256	11.890.371	8.770.664	2.232.015	11.002.678
Barnalífeyrir		205.593	1.349.113	1.554.706	139.201	988.987	1.128.188
Skuldbindingar samtals		134.745.983	97.208.653	231.954.636	121.629.372	86.650.965	208.280.336
Eignir umfram skuldbindingar		(275.783)	(3.424.389)	(3.700.172)	(5.230.067)	(2.778.177)	(8.008.244)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(4,3%)	(3,2%)	(3,8%)	(4,8%)	1,5%	(2,2%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(0,2%)	(3,5%)	(1,6%)	(4,3%)	(3,2%)	(3,8%)

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.877.772	1.763.154
Iðgjöld launagreiðenda		4.749.926	4.407.841
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(15.550)	2.914
		6.612.147	6.173.910
Sérstök aukaframlög		26.116	23.879
	6, 13	6.638.263	6.197.789
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris		2.710.810	2.358.330
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		73.586	72.501
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.592	2.635
	7, 14	2.786.988	2.433.467
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	8,15	10.862.985	9.674.317
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8,16	4.780.310	5.184.439
Vaxtatekjur af handbæru fé		231.454	199.846
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		11.484	14.144
Fjárfestingargjöld	9,17	(12.657)	(9.472)
		15.873.576	15.063.275
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18–22	389.961	361.134
Aðrar tekjur		2.036	2.052
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		19.336.927	18.468.514
Hrein eign frá fyrra ári		127.891.342	109.422.827
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		147.228.269	127.891.342

	Skýr.	2020	2019
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23–26	70.294.305	52.950.782
Skuldabréf	27–29	71.621.201	69.881.505
Aðrar fjárfestingar		2.760	2.760
		141.918.266	122.835.048
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		600.000	570.000
Aðrar kröfur		17.884	3.911
		617.884	573.911
Handbært fé		4.806.540	4.562.908
Eignir samtals		147.342.691	127.971.867
Skuldir:			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	33	113.975	80.243
Aðrar skuldir	34	447	282
Skuldir samtals		114.422	80.525
Hrein eign til greiðslu lífeyris		147.228.268	127.891.342

	Skýr.	2020	2019
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		6.619.748	6.161.933
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		42.474	137.665
Aðrar inngreiðslur		2.941	4.297
		6.665.163	6.303.896
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		2.778.126	2.425.932
Rekstrarkostnaður		374.392	366.125
Aðrar útgreiðslur		4.562	17.969
		11.031	4.562
		3.163.548	2.796.619
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		3.501.614	3.507.276
Fjárfestingarhreyfingar:			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		190.089	655.141
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(16.467.121)	(7.317.276)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		9.181.267	2.400.819
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		16.449.826	9.883.983
Keypt skuldabréf		(19.421.140)	(10.544.675)
Seld skuldabréf		6.600.228	45.628
		(3.466.852)	(4.876.380)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		34.762	(1.369.103)
Gengismunur af handbæru fé		208.870	57.788
Handbært fé í upphafi árs		4.562.908	5.874.223
Handbært fé í lok árs		4.806.540	4.562.908

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020 – Séreignarsjóður



	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Húsnæðis-safn	Samtals 2020	Samtals 2019
Iðgjöld:										
Iðgjöld sjóðfélaga		1.318.685	1.345.400	601.021	459.789	30.584	8.098	73.192	3.836.770	3.569.204
Iðgjöld launagreiðenda		2.576.031	2.307.814	781.953	573.297	36.726	13.352	59.376	6.348.549	5.925.170
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(1.461.714)	(1.634.275)	3.359.250	(312.286)	(9.422)	91.192	61.951	94.696	47.410
	6, 13	2.433.002	2.018.939	4.742.224	720.801	57.888	112.641	194.519	10.280.015	9.541.785
Lífeyrir:										
Heildarfjárhæð lífeyris	7, 14	1.107.450	1.929.055	945.487	1.214.368	69.407	7.655	67.295	5.340.717	3.259.395
Hreinar fjárfestingartekjur:										
Hreinar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum	8, 15	3.963.765	6.555.046	989.855	0	9.656	2.266	0	11.520.587	10.231.690
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8, 16	573.583	2.062.552	784.593	0	62.804	20.971	16.141	3.520.644	3.551.344
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0	171.829	1.067.917	0	0	0	1.239.746	1.231.576
Vaxtatekjur af handbæru fé		94.963	148.464	26.282	20.821	630	436	289	291.885	271.268
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		3.924	3.531	2.144	625	51	8	86	10.368	12.794
Fjárfestingargjöld	9, 17	(2.473)	(6.090)	(2.084)	0	(74)	(76)	(18)	(10.815)	(8.377)
		4.633.762	8.763.503	1.972.620	1.089.363	73.067	23.604	16.498	16.572.416	15.290.296
Rekstrarkostnaður:										
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18–22	84.854	192.096	67.607	73.571	3.722	1.405	886	424.141	392.776
Aðrar tekjur		447	1.020	355	395	20	7	5	2.249	2.261
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		5.874.907	8.662.311	5.702.105	522.621	57.845	127.192	142.840	21.089.821	21.182.170
Hrein eign frá fyrra ári		27.830.306	64.513.198	21.316.519	25.675.634	1.241.246	415.577	249.810	141.242.291	120.060.121
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		33.705.213	73.175.509	27.018.624	26.198.255	1.299.091	542.769	392.650	162.332.113	141.242.291



	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Húsnæðis-safn	Samtals 2020	Samtals 2019
Fjárfestingar:										
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23-26	24.082.107	41.052.437	8.501.405	0	149.055	44.356	0	73.829.360	55.376.644
Skuldabréf	27-29	8.547.762	29.578.548	13.085.200	0	1.097.368	447.506	351.701	53.108.086	51.183.747
Bundnar bankainnstæður		0	0	3.990.386	24.461.821	0	0	0	28.452.207	27.762.014
		32.629.869	70.630.985	25.576.991	24.461.821	1.246.423	491.862	351.701	155.389.652	134.322.404
Kröfur:										
Aðrar kröfur		3.152	7.974	3.550	1.327	161	48	130	16.343	4.591
Handbært fé		1.133.108	2.617.143	1.481.244	1.791.292	54.810	51.225	44.353	7.173.175	7.067.438
Eignir samtals		33.766.129	73.256.103	27.061.784	26.254.440	1.301.395	543.135	396.185	162.579.170	141.394.433
Skuldir:										
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	33	40.599	70.895	37.566	42.402	2.040	366	455	194.324	96.633
Aðrar skuldir	34	20.317	9.699	5.593	13.782	263	0	3.079	52.734	55.508
Skuldir samtals		60.916	80.594	43.160	56.184	2.303	366	3.534	247.057	152.142
Hrein eign til greiðslu lífeyris		33.705.213	73.175.509	27.018.624	26.198.255	1.299.091	542.769	392.650	162.332.113	141.242.291



	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Húsnæðis-safn	Samtals 2020	Samtals 2019
Inngreiðslur:										
Löggjöld		2.436.926	2.022.470	4.744.369	721.426	57.939	112.649	194.606	10.290.383	9.554.579
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		11.276	20.607	9.111	20.821	630	436	299	63.180	210.141
Aðrar inngreiðslur		542	1.404	520	395	20	7	14	2.902	9.755
		2.448.744	2.044.480	4.753.999	742.642	58.589	113.092	194.919	10.356.465	9.774.474
Útgreiðslur:										
Lífeyrir		1.085.449	1.911.907	928.946	1.200.510	68.192	7.886	69.983	5.272.873	3.236.053
Rekstrarkostnaður		81.159	184.841	64.590	69.648	3.594	1.343	835	406.011	393.271
Aðrar útgreiðslur		1.988	5.217	1.718	1.047	51	65	17	10.103	4.385
		1.168.595	2.101.964	995.255	1.271.205	71.837	9.295	70.835	5.688.987	3.633.709
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		1.280.148	(57.484)	3.758.744	(528.563)	(13.248)	103.797	124.084	4.667.478	6.140.766
As part of an audit in accordance with the International Standards on Auditing (ISAs), we exercise professional judgment and maintain professional skepticism throughout the audit. We also:

- Identify and assess the risks of material misstatement of the financial statements, whether due to fraud or error, design and perform audit procedures responsive to those risks, and obtain audit evidence that is sufficient and appropriate to provide a basis for our opinion. The risk of not detecting a material misstatement resulting from fraud is higher than for one resulting from error, as fraud may involve collusion, forgery, intentional omissions, misrepresentations, or the override of internal control.
- Obtain an understanding of internal control relevant to the audit in order to design audit procedures that are appropriate in the circumstances, but not for the purpose of expressing an opinion on the effectiveness of the Fund's internal control.
- Evaluate the appropriateness of accounting policies used and the reasonableness of accounting estimates and related disclosures made by management.
- Conclude on the appropriateness of management's use of the going concern basis of accounting and, based on the audit evidence obtained, whether a material uncertainty exists related to events or conditions that may cast significant doubt on the Fund's ability to continue as a going concern. If we conclude that a material uncertainty exists, we are required to draw attention in our auditor's report to the related disclosures in the financial statements or, if such disclosures are inadequate, to modify our opinion. Our conclusions are based on the audit evidence obtained up to the date of our auditor's report. However, future events or conditions may cause the Fund to cease to continue as a going concern.
- Evaluate the overall presentation, structure and content of the financial statements, including the disclosures, and whether the financial statements represent the underlying



transactions and events in a manner that achieves fair presentation.

We communicate with those charged with governance regarding, among other matters, the planned scope and timing of the audit and significant audit findings, including any significant deficiencies in internal control that we identify during our audit.

We also provide those charged with governance with a

statement that we have complied with relevant ethical requirements regarding independence, and to communicate with them all relationships and other matters that may reasonably be thought to bear on our independence, and where applicable, related safeguards.

From the matters communicated with those charged with governance, we determine those matters that were of most significance in the audit of the financial statements of the

current period and are therefore the key audit matters. We describe these matters in our auditor's report unless law or regulation precludes public disclosure about the matter or when, in extremely rare circumstances, we determine that a matter should not be communicated in our report because the adverse consequences of doing so would reasonably be expected to outweigh the public interest benefits of such communication.

Reykjavík, September 15, 2021

Geir Steindórsson
State Authorised Public Accountant

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

The annual report of Almenni Pension Fund for the year 2020 is confirmed with a certified electronic signature.

Statement of changes in net assets for pension payments in 2020



	2020	2019
Premiums:		
Members	5,714,541	5,332,358
Employers	11,098,475	10,333,012
Transfer of rights and repayments	79,146	50,324
	16,892,162	15,715,694
Special supplementary premiums	26,116	23,879
	16,918,278	15,739,574
Pensions:		
Total amount of pensions	8,051,527	5,617,725
Contribution to Rehabilitation Fund	73,586	72,501
Direct expenses from invalidity pensions	2,592	2,635
	8,127,705	5,692,862
Net investment income:		
Net income from holdings in companies and funds	22,383,572	19,906,007
Net income from bonds	8,300,954	8,735,783
Interest income from bank deposits	1,239,746	1,231,576
Interest income from cash equivalents	523,338	471,115
Interest income from pensions and other claims	21,853	26,938
Investment expenses	(23,471)	(17,849)
	32,445,992	30,353,570
Operating expenses:		
Office and management expenses	814,102	753,910
Other income	4,285	4,313
Changes of net assets for pension payments during the year	40,426,748	39,650,684
Net assets from previous year	269,133,633	229,482,949
Net assets for pension payments at year end	309,560,381	269,133,633

Amounts are in ISK thousands

Balance sheet December 31, 2020



	2020	2019
Investments:		
Holdings in companies and funds	144,123,665	108,327,426
Bonds	124,729,287	121,065,252
Bank deposits	28,452,207	27,762,014
Other investments	2,760	2,760
	297,307,919	257,157,452
Claims:		
Premiums receivable	600,000	570,000
Other claims	34,227	8,502
	634,227	578,502
Cash equivalents	11,979,715	11,630,346
Total assets	309,921,861	269,366,300
Liabilities:		
Cost incurred and income collected in advance	308,299	176,876
Other liabilities	53,181	55,790
Total liabilities	361,480	232,667
Net assets for pension payments	309,560,381	269,133,633
Mutual insurance fund	147,228,269	127,891,342
Private accounts	162,332,113	141,242,291
Commitments off Balance Sheet	15,378,115	8,746,162

Statement of cash flow 2020



	2020	2019
Inflow:		
Premiums	16,910,131	15,716,512
Paid interest income on cash equivalents and claims	105,654	347,806
Other inflow	5,843	14,052
	17,021,628	16,078,370
Outflow:		
Pensions	8,050,999	5,661,985
Operating expenses	780,403	759,396
Other outflow	21,134	8,947
	8,852,535	6,430,328
New disposable resources for investments	8,169,093	9,648,042
Investment transactions:		
Received income from holdings in companies and funds	362,132	1,207,656
Investments in holdings in companies and funds	(33,025,906)	(14,823,169)
Sold holdings in companies and funds	19,508,636	4,843,650
Installments on bond principals and interest	29,330,090	17,714,347
Investments in bonds	(35,318,352)	(20,581,437)
Sold bonds	10,318,998	88,591
New bank deposits	0	(250,000)
Repaid bank deposits	550,000	0
	(8,274,402)	(11,800,362)
Increase (decrease) in cash equivalents	(105,309)	(2,152,320)
Exchange rate difference on cash equivalents	454,678	123,327
Cash equivalents at beginning of year	11,630,346	13,659,340
Cash equivalents at year end	11,979,715	11,630,346

Amounts are in ISK thousands

Statement of actuarial position December 31, 2020



	December 31, 2020			December 31, 2019		
	Accrued position	Future position	Total	Accrued position	Future position	Total
Assets:						
Net assets for pension payments	147,228,268	0	147,228,268	127,891,342	0	127,891,342
Difference in book value and net present value of bonds	(7,047,567)	0	(7,047,567)	(6,778,989)	0	(6,778,989)
Difference in book value and valuation of listed holdings in companies	(1,932,799)	0	(1,932,799)	(1,310,354)	0	(1,310,354)
Net present value of future investment expenses	(226,862)	0	(226,862)	(252,955)	0	(252,955)
Net present value of future operating expenses	(3,550,839)	(5,169,284)	(8,720,123)	(3,149,740)	(4,533,315)	(7,683,055)
Net present value of future premiums	0	98,953,549	98,953,549	0	88,406,102	88,406,102
Total assets	134,470,200	93,784,264	228,254,465	116,399,304	83,872,788	200,272,092
Liabilities:						
Old age pension	120,180,263	88,364,270	208,544,533	108,596,954	79,142,730	187,739,684
Disability pension	4,978,012	4,987,014	9,965,026	4,122,553	4,287,233	8,409,785
Spouses pension	9,382,115	2,508,256	11,890,371	8,770,664	2,232,015	11,002,678
Child pension	205,593	1,349,113	1,554,706	139,201	988,987	1,128,188
Total liabilities	134,745,983	97,208,653	231,954,636	121,629,372	86,650,965	208,280,336
Net assets in excess of liabilities	(275,783)	(3,424,389)	(3,700,172)	(5,230,067)	(2,778,177)	(8,008,244)
Ratio of net assets to liabilities at the beginning of the year	(4.3%)	(3.2%)	(3.8%)	(4.8%)	1.5%	(2.2%)
Ration of net assets to liabilities at year-end	(0.2%)	(3.5%)	(1.6%)	(4.3%)	(3.2%)	(3.8%)

Amounts are in ISK thousands



Mutual insurance fund	2020	2019	2018	2017	2016
Net real yield	8.2%	10.4%	2.3%	7.4%	0.6%
Average net real yield the last 5 years	5.7%	5.4%	4.6%	4.9%	5.3%
Average net real yield the last 10 years	5.9%	5.2%	4.2%	0.8%	(0.1%)
Investment securities					
Listed holdings in companies and funds	41.2%	36.6%	32.4%	31.6%	29.8%
Unlisted holdings in companies and funds	8.3%	6.5%	5.3%	5.6%	4.4%
Listed bonds	35.3%	37.6%	44.2%	45.2%	50.1%
Unlisted bonds	15.2%	19.3%	18.1%	17.6%	15.6%
Other investments	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%
Assets in ISK	62.7%	66.8%	71.9%	73.5%	77.9%
Assets in foreign currencies	37.3%	33.2%	28.1%	26.5%	22.1%
Pension payments					
Old age pension	80.7%	81.2%	80.8%	79.2%	78.7%
Spouses pension	8.7%	9.0%	9.5%	10.9%	11.6%
Disability pension	9.3%	8.8%	8.6%	8.7%	8.5%
Child pension	1.4%	1.0%	1.0%	1.3%	1.2%
Financial position according to actuarial position					
Net assets divided by accrued liabilities	(0.2%)	(4.3%)	(4.8%)	(2.2%)	(3.8%)
Net assets divided by total liabilities	(1.6%)	(3.8%)	(2.2%)	(3.9%)	(4.7%)
Number of fund members at year end	33,106	29,150	26,737	24,973	23,372
Number of active fund members	10,664	8,768	8,018	7,428	7,042
Number of pensioners	1,963	1,746	1,537	1,363	1,204
Staff (full-time equivalent position)	21	21	21	22	22

Mutual insurance fund	2020	2019	2018	2017	2016
Total premiums	6,612,147	6,389,370	6,165,229	5,743,430	5,274,332
Total pensions	2,710,810	2,358,330	2,243,508	2,002,263	1,780,657
Total net investment income	15,873,576	15,063,275	6,378,279	9,429,367	2,818,728
Total operating expenses	389,961	361,134	332,386	296,990	268,418
Increase in net assets for pension payments	19,336,927	18,468,514	9,969,016	12,874,905	6,047,656
Pensions as percentage of premiums	40.9%	38.2%	35.4%	33.8%	32.7%
Operating expenses as percentage of premiums	5.9%	5.9%	5.4%	5.2%	4.9%
Net investment income as % of average asset position	11.5%	12.4%	5.7%	9.1%	3.0%
Operating expenses as percentage of average asset position	0.28%	0.30%	0.30%	0.29%	0.27%



| Fylgiskjöl



Staðfest af stjórn 25. nóvember 2020

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Markmið fjárfestingarstefnunnar er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim sem besta ávöxtun miðað við áhættu (skilgreind með flökti ársávöxtunar). Við fjárfestingarákvarðanir sjóðsins eru hagsmunir sjóðfélaga hafðir að leiðarljósi og miðað við að hámarka verðmæti eigna sjóðsins.

Sjóðstjórar skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla og VII. kafla A. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Almenni lífeyrissjóðurinn stefnir að því að halda fjárfestingarkostnaði í lágmarki þannig að ávöxtunin skili sér sem mest til sjóðfélaga.

Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sjö ávöxtunarleiða og hversu mikla áhættu þeir vilja taka eða valið ávöxtunarleið í samræmi við aldur. Þeir geta einnig valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra á milli verðbréfasafna með það fyrir augum að draga úr vægi hlutabréfa og minnka áhættu eftir því sem nær dregur starfslokum.

Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum, hlutabréfum og innlánum. Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði, aldurssamsetningu sjóðfélaga og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

Almenni lífeyrissjóðurinn telur að samfélagsleg ábyrgð, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda fyrir því að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Samtryggingarsjóður

Ellílfeyrir til æviloka
Örorkulífeyrir
Makalífeyrir
Barnalífeyrir

Séreignarsjóður

Ævisafn I
Ævisafn II
Ævisafn III
Húsnæðissafn
Innlánasafn
Ríkissafn langt
Ríkissafn stutt

Ævileiðin

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins eru átta, sjö fyrir séreignarsjóð og ein fyrir samtryggingarsjóð.

tíma. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að horft sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttar í fjárfestingum.

Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér **stefnu um ábyrgar fjárfestingar** og hefur jafnframt skilgreint nánar viðmið og áherslur um stjórnarhætti í **eigendastefnu** lífeyrissjóðsins. Nánari upplýsingar um viðmið Almenna lífeyrissjóðsins um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í, er að finna í eigendastefnu sjóðsins.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna marka siðferðisleg viðmið Almenna lífeyrissjóðsins í fjárfestingum. Stefnur þessar eru fylgiskjöl með fjárfestingarstefnu og eru að auki aðgengilegar á vef sjóðsins.

Breytingar frá fjárfestingarstefnu 2020

- Breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu Ævisafns III á milli ára. Vægi hlutabréfa í stefnu er aukið úr 20% í 30% og á móti er vægi skuldabréfa í stefnu lækkað úr 80% í 70%. Vægi erlendra hlutabréfa er hækkað úr 16% í 24% og vægi innlendra hlutabréfa er hækkað úr 4% í 6%. Með þessari breytingu er stefnt að hærri langtímaávöxtun Ævisafns III. Þá er dregið úr vægi innlana í stefnu Ævisafns III og vægi

innlendra skuldabréfa aukið á móti. Þessi breyting er gerð með áhættudreifingarsjónarmið í huga.

- Tiltölulega litlar breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu annarra ávöxtunarleiða á milli ára. Þó hafa vikmörk fyrir meðaltíma markaðsskuldabréfa verið víkkuð og jafnframt hafa verið gerðar breytingar á vikmörkum einstakra eignaflokka í stefnu, m.a. erlendra eigna, sem endurspeglar það að erlend hlutabréf eru að færast nær stefnu. Þá hefur vægi verðskuldabréfa í stefnu verið lítillega aukið í Húsnæðissafni og dregið úr vægi innlana á móti.
- Erlend hlutabréf í samtryggingarsjóði og Ævisafn III eru í undirvigt m.v. fjárfestingarstefnu og stefnt er að því að auka erlendar fjárfestingar og að söfnin nái stefnu á næstu 2-3 árum. Aðrar ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í erlendum hlutabréfum (Ævisafn I og II) hafa náð stefnu.
- Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er nú staðfest sérstaklega af stjórn og er fylgiskjal með fjárfestingarstefnu, var áður hluti af fjárfestingarstefnu. Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna marka siðferðisleg viðmið Almenna lífeyrissjóðsins í fjárfestingum.
- Fimm ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn langt, Ríkissafn stutt og Húsnæðissafn lúta nú takmörkunum í fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða fyrir lágmarkstryggingavernd. Tvær ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs, Ævisafn I og Innlánasafn lúta áfram takmörkunum í fjárfestingarheimildum fyrir viðbótartryggingavernd. Mismunur fjárfestingarheimilda tekur m.a. til takmarkana á mótaðilaáhættu en þær takmarkanir eru þrengri í heimildum fyrir lágmarkstryggingavernd.

Hér á eftir er að finna fjárfestingarstefnu ávöxtunarleiðanna. Fyrri taflan sýnir fjárfestingarstefnu blandaðra safna Almenna lífeyrissjóðsins, þ.e. fjárfestingarstefnu ævisafnanna þriggja og fjárfestingarstefnu samtryggingarsjóðs.

Seinni taflan sýnir fjárfestingarstefnu safna sem fjárfesta eingöngu í skuldabréfum og innlánum, þ.e. fjárfestingarstefnu Ríkissafns langs, Ríkissafns stutts, Innlánasafns og Húsnæðissafns.



	Ævisafn I			Ævisafn II			Ævisafn III			Samtryggingarsjóður		
	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri
Fjárfestingarstefna í %												
Skuldabréf og innlán	30	25	50	50	40	70	70	60	90	50	40	75
Innlán, laust fé	1	0	11	2	0	12	8	0	33	2	0	12
Með ábyrgð íslenska ríkisins	11,5	6	27	19	10	40	19	10	40	10	5	40
Með ábyrgð erlendra ríkja	0,5	0	6	1	0	5	1	0	5	1	0	5
Bæjar- og sveitarfélög	3	0	13	5	0	15	6	0	15	3,5	0	14
Fjármálastofnanir	0	0	3	0	0	4	0	0	4	0	0	4
Fjármálastofnanir - sértryggð skuldabréf	2	0	8	3	0	13	7	0	15	2,5	0	13
Veðskuldabréf	7,5	4	12	13	6	20	20	10	25	25	10	35
Önnur skuldabréf	2,5	0	10	4	0	14	4	0	14	3	0	13
Skuldabréf og lánasamningar í erlendri mynt	2	0	6	3	0	7	5	0	10	3	0	7
Hlutabréf og framtakssjóðir	70	40	75	50	30	60	30	10	40	50	20	60
Innlend hlutabréf og innlendir framtakssjóðir	12	4	20	10	3,5	17	6	1,5	10	10	3,5	17
Innlend hlutabréf	9	4	15	7,5	3,5	13	4,5	1,5	8	7,5	3,5	13
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar	3	0	7	2,5	0	6	1,5	0	3,5	2,5	0	6
Erlend hlutabréf og erlendir framtakssjóðir	58	30	71	40	20	56,5	24	8	34	40	16	56,5
Erlend hlutabréf	51	30	71	35	20	56,5	21	8	34	35	16	56,5
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar	7	0	14	5	0	10	3	0	6	5	0	10
Eignastýringaraðferðir												
Virk stýring innlendra hlutabréfa		100%			100%			100%			100%	
Virk stýring skuldabréfa		100%			100%			100%			100%	
Virk stýring erlendra hlutabréfa	40%	10%	50%	40%	10%	50%	40%	10%	50%	40%	10%	50%
Hlutlaus stýring erlendra hlutabréfa	60%	50%	90%	60%	50%	90%	60%	50%	90%	60%	50%	90%
Markmið um gjaldmiðlasamsetningu												
Eignir í erlendri mynt	60	30	86	44	20	80	30	8	78	44	16	81
Eignir í innlendri mynt	40	14	70	56	20	80	70	22	92	56	19	84
Ávöxtun og áhætta, %												
Vænt ávöxtun		7,8%			6,9%			5,7%			7,0%	
Flökt ársávöxtunar		11,4%			8,4%			5,4%			8,2%	
Viðmið, %												
Skuldabréfavisitala KÍ með mt. 8 ár											21%	
Skuldabréfavisitala KÍ með mt. 7,5 ár		20%			33%							
Skuldabréfavisitala KÍ með mt. 4,5 ár								49%				
Vísitala sjóðfélagalána AL		7,5%			13%			15%			25%	
Erlend skuldabréfavisitala, SBWGU Index		2,5%			4%			6%			4%	
Vísitala aðallista		12%			10%			6%			10%	
Heimsvísitala hlutabréfa		58%			40%			24%			40%	
Viðmið fyrir meðaltíma skuldabréfa		8 ár			8 ár			6 ár			9 ár	
Leyfilegur meðaltími safna		6-11 ár			6-11 ár			2-8 ár			6-12 ár	
Viðmið fyrir meðaltíma markaðsskuldabréfa		7 ár			7 ár			5 ár			8 ár	
Leyfilegur meðaltími markaðsskuldabréfa		4-10 ár			4-10 ár			1-7 ár			5-11 ár	



	Ríkissafn langt			Ríkissafn stutt			Innlánasafn			Húsnæðissafn		
	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri
Fjárfestingarstefna í %												
Skuldabréf og innlán	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
Innlán, laust fé		0	30	20	0	70	100	100	100	10	0	100
Með ábyrgð íslenska ríkisins	100	70	100	80	30	100				10	0	50
Fjármálastofnanir – sértryggð skuldabréf										10	0	50
Veðskuldabréf										70	30	90
Ávöxtun og áhætta, %												
Vænt ávöxtun		5,0%			3,5%			3,4%			4,4%	
Flókt ársávöxtunar		6,2%			2,2%						1,5%	
Viðmiðun, %												
Skuldabréfavisitala KÍ með mt. 10 ár		100%										
Skuldabréfavisitala KÍ með mt. 1,5 ár											35%	
Skuldabréfavisitala KÍ með mt. 1 ár					100%							
Vísitala sjóðfélagalána AL											65%	
Meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyris- reikningum hjá viðskiptaböndum							100%					
Viðmiðun fyrir meðaltíma skuldabréfa		10 ár			1 ár						7 ár	
Leyfilegur meðaltími safna		4–13 ár			0,1–3 ár						6–13 ár	
Viðmiðun fyrir meðaltíma markaðsskbr.		10 ár			1 ár						1 ár	
Leyfilegur meðaltími markaðsskuldabréfa		4–13 ár			0,1–3 ár						0–5 ár	

Í töflunum eru eftirfarandi upplýsingar:

Fjárfestingarstefna

Fremst í hverju safni kemur fram langtímamarkmið um eignasamsetningu safnsins, síðan upplýsingar um vikmörk, sem segja til um leyfileg frávík frá langtíma stefnunni.

Eignastýringaraðferðir

Í Ævisöfnum I, II, III og samtryggingarsjóði er stefnt að því að 50% af erlendri hlutabréfaeign verði í hlutlausri stýringu. Fyrir fjárfestingar í innlendum hlutabréfum er stýringin að öllu leyti virk. Fyrir fjárfestingar í skuldabréfum sem eru tæk til stýringar er stýringin að öllu leyti virk.

Ávöxtun og áhætta

Vænt ávöxtun og flókt ársávöxtunar taka mið af fjárfestingarstefnu hvers safns fyrir sig og byggja á væntingum um ávöxtun helstu verðbréfaflokka og sögulegum gögnum um flókt og samfylgni ávöxtunar m.v. mánaðarlegar mælingar á árunum 1998 til september 2020.

Viðmiðunarvísitala

Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Ævisöfn I og II hefur 8 ára meðaltíma, fyrir samtryggingarsjóð 9 ára meðaltíma og fyrir Ævisöfn III 6 ára meðaltíma. Þessar vísitölur eru settar saman úr skuldabréfavisitölum NASDAQ OMX Iceland (kauphallarinnar), vísitölu sjóðfélagalána AL og erlendri ríkis-

skuldabréfavisitölu, SBWGU Index. Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er vísitala heildarávöxtunar aðallista Kauphallarinnar og fyrir erlend hlutabréf er notuð heimsvísitala MSCI.

Viðmiðunarvísitala fyrir Ríkissafn langt er 10 ára verðtryggð skuldabréfavisitala kauphallarinnar. Viðmiðunarvísitala fyrir Ríkissafn stutt er 1 árs óverðtryggð skuldabréfavisitala kauphallarinnar. Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Húsnæðissafn hefur 7 ára meðaltíma og er sett saman úr skuldabréfavisitölum kauphallarinnar og vísitölu sjóðfélagalána AL. Viðmiðun fyrir Innlánasafn er meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá innlendum viðskiptaböndum



Staðfest af stjórn 25. nóvember 2020

Eftirlitskerfi með áhættu

Hjá Almenna lífeyrissjóðnum hefur verið mótað eftirlitskerfi með áhættu í starfsemi sjóðsins með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Eftirlitskerfið tekur til skipulags áhættu-stýringar og samanstendur af stefnumarkandi innri greiningum og reglum. Eftirlitskerfið samanstendur af eigin áhættumati, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, fjárfestingarstefnu, starfsreglum, verklagsreglum, verkferlum, starfslýsingum og öðrum innri reglum sjóðsins. Nánar má lesa um áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og skipulag áhættustýringar í skýringum nr. 37–43 með ársreikningi sjóðsins.

Hlutverk starfseininga í skipulagi áhættustýringar og eftirlits með áhættu

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að árlega fari fram eigið áhættumat vegna starfsemi sjóðsins og á grundvelli eigin áhættumats setur stjórn áhættustefnu. Framkvæmd áhættumatsins fer fram hjá stjórnendum í samvinnu og samráði við stjórn sjóðsins og á grundvelli verkferils um eigið áhættumat.

Stjórnendur sem koma að eigin áhættumati eru framkvæmdastjóri, fjárfestingarstjóri, skrifstofustjóri og áhættustjóri. Framkvæmdastjóri, fjárfestingarstjóri og skrifstofustjóri eru eigendur áhættuþátta í þeim skilningi að hjá þeim er ákvörðunarvald samkvæmt umboði stjórnar til að taka áhættu í starfsemi sjóðsins. Áhættustjóri er í forsvari fyrir starfssviði áhættustýringar og ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu í rekstri sjóðsins.

Eigið áhættumat

Um framkvæmd eigin áhættumats hefur verið skjalfest verkferli þar sem ferlinu, aðferðafræði við matið og hlutverkum þeirra sem koma að matinu er lýst. Við framkvæmd eigin áhættumats

Fjárhagsleg áhætta

- Gjaldmiðlaáhætta
- Markaðsáhætta
- Vaxtaáhætta
- Verðbólguáhætta
- Ósamræmisáhætta
- Áhætta vegna eigna utan eh.
- Uppgreiðsluáhætta

Lífeyrisskuld-bindingaáhætta

- Skerðingaráhætta
- Lýðfræðileg áhætta
- Lausafjáráhætta
- Umhverfisáhætta
- Iðgjaldaáhætta

Mótaðilaáhætta

- Samþjöppunaráhætta
- Landsáhætta
- Útlánaáhætta
- Hlutabréf
- Afhendingaráhætta
- Uppgjörsáhætta

Rekstraráhætta

- Áhætta vegna upplýsingatækni
- Áhætta vegna svika
- Áhætta vegna PFH
- Áhætta vegna útvistunar
- Frávikaáhætta
- Lagaleg áhætta
- Orðsporsáhætta
- Skjalaáhætta
- Starfsmannaáhætta
- Upplýsingaáhætta
- Úrskurðaráhætta lífeyris

er lagt mat á líkindi þess að atburðir þróist á þann veg að viðkomandi áhætta raungerist og mat á áhrifum þess á eignir og skuldbindingar sjóðsins. Líkindum og afleiðingum eru gefnar tölur á bilinu 1–4, samanlagðar tölurnar segja til um hvert heildarmat viðkomandi áhættu er fyrir sjóðinn, þ.e. líkindin á að áhætta raungerist og hversu mikil fjárhagsleg áhrif það hefði fyrir sjóðinn. Sjóðurinn hefur skilgreint fjóra meginflokka áhættu í starfsemi sjóðsins og 29 undirflokka áhættu sem sjá má í töflunni hér fyrir neðan. Taflan sýnir einnig niðurstöður eigin áhættumats í nóvember 2020 þar sem grænn hringur táknar litla áhættu, gulur miðlungs áhættu og rauður mikla áhættu.

Veigamestu áhættuþættir eru skilgreindir þeir sem í niðurstöðu eigin áhættumats eru metnir sem miðlungs- eða mikil áhætta.

Áhættustefna

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Áhættustefna er stefna stjórnar um áhættutöku, áhættuvilja og áhættuþol í starfsemi sjóðsins vegna veigamestu áhættuþætti og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu. Áhættustefnan byggir á framkvæmd og niðurstöðum eigin áhættumats sem og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í stefnunni er fjallað

um einstaka áhættuþætti, þeir skilgreindir og gerð er grein fyrir hvernig þeir eru metnir, mældir og víkmörk einstakra áhættuþátta eru tilgreind.

Áhættustýringarstefna

Áhættustýringarstefna er sett með hliðsjón af eigin áhættumati, áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýringarstefna er lýsing á skipulagi áhættustýringar, hlutverkum starfseininga í skipulagi áhættustýringar, lýsing á áhættueftirliti og aðferðum sem sjóðurinn styðst við í mati á þeim áhættuþáttum sem áhættustefna sjóðsins nær til.

Áhættueftirlit og eftirfylgni

Áhættueftirlit samkvæmt áhættustýringarstefnu fer fram með reglulegum og tímasettum úttektum eða eftirlitsaðgerðum. Áhættustjóri fylgist með dagskrá eftirlitsaðgerða og skráðum eftirlitsaðgerðum og skoðar hvort niðurstöður séu innan viðmiða fyrir viðkomandi áhættu. Skýrslur áhættustýringar um framvindu áhættueftirlits og niðurstöður eftirlitsaðgerða eru jafnan yfirfarnar mánaðarlega af stjórnendum sjóðsins og jafnframt eru skýrslurnar birtar stjórn og endurskoðunarnefnd á lokuðum vef sjóðsins.



Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa ávallt góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Með stjórnarháttafirlýsingu þessari eru uppfylltar þær kröfur sem koma fram í 51. gr. reglna nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða. Við mótun stjórnarhátta hefur stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (6. útgáfa). Sjóðurinn vikur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á www.leidbeiningar.is.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir „lög um lífeyrissjóði“) og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Sjóðurinn er öllum opin en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingarvernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf, þjónustu og nýjungum í lífeyrismálum.

Almenni lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir. Stjórn sjóðsins hefur sett sérstaka fjárfestingarstefnu sem hefur það markmið að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem fylgir fjárfestingum. Í fjárfestingarstefnu er einnig fjallað um stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Lög, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti

Í neðangreindum lista er að finna yfirlit yfir lög, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur sem sérstaklega varða stjórnarhætti. Listinn er hér fyrst og fremst settur fram til upplýsinga og er því ekki um tæmandi talningu að ræða. Rétt er að geta þess að nánara yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur er m.a. að finna á heimasíðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“), www.fme.is, og upplýsingar um innri reglur og stefnur sjóðsins er að finna á heimasíðu hans, www.almenni.is.

Lög

- Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Reglugerðir, með tilheyrandi breytingarreglugerðum

- Reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 590/2017, um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyris-sparnaðar og viðbótartryggingarvernd.

Reglur og leiðbeiningar FME

- Reglur FME nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 180/2013, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 577/2012, um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 5/2014, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010, um mat á hæfi lykilstarfsmanna.

Innri reglur Almenna lífeyrissjóðsins

- Samþykktir.
- Starfs- og siðareglur stjórnar.
- Viðskipti sjóðsins, starfsmanna og stjórnar.
- Fjárfestingarstefna.
- Stefna um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar.
- Áhættustefna.
- Eftirlitskerfi með áhættu.
- Eigendastefna.
- Starfsreglur framkvæmdastjóra.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
- Starfskjarastefna.
- Persónuverndarstefna.

Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins hefur samþykkt stefnu um ábyrgar fjárfestingar og með hvaða hætti hann fylgir henni eftir. Sjóðurinn telur mikilvægt að félög sem hann á eignarhlut í móti sér stefnu um umhverfismál og samfélagslega ábyrgð. Sjóðurinn fylgir eftir stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar með því að tilgreina sérstaklega á minnisblöðum, við mat á fjárfestingarkostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, samfélagslega ábyrgð og stjórnarhætti. Það á einnig við um fjárfestingu í innlendum og erlendum sjóðum en þá er kannað hvort rekstraraðili hafi mótað stefnu um ábyrgar fjárfestingar og taki tillit til hennar við val á fjárfestingum.

Starfsmenn hafa í sameiningu skilgreint neðangreind gildi til að hafa sem leiðarljós í störfum fyrir lífeyrissjóðinn og sjóðfélaga hans.



Heilindi

Við virðum það sem okkur er treyst fyrir.

Við virðum hvert annað.

Við gætum jafnræðis.

Við leitumst við að koma hreint fram, erum opin og einlæg í samskiptum.

Framsækni

Við keppum stöðugt að framförum.

Við erum opin fyrir breytingum og leitum lausna sem bæta hag sjóðfélaga.

Við ætlum að vera áfram í fararbroddi í lífeyrismálum.

Fagmennska

Við vöndum okkur við öll störf og vinnum faglega.

Við vinnum sem ein heild að markmiðum okkar – samvinna styrkir heildina.

Við veitum góða upplýsingagjöf.

Almenni hefur gott orðspor – okkur þykir vænt um það.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt starfs- og siðareglur stjórnar. Starfsmenn sjóðsins hafa einnig samþykkt siðareglur. Markmið reglnanna er að þeir sem starfa fyrir sjóðinn sýni gott fordæmi í störfum sínum og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í þeim er meðal annars fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, fríðindi og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Eigendastefna

Stjórn hefur samþykkt eigendastefnu sem er stefnulýsing um það hvernig lífeyrissjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í þ.e. 5% eða hærri eignarhlut í einstöku félagi eða þar sem lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags.

Nýti sjóðurinn atkvæðarétt sinn á hluthafafundum í félögum þar sem hann á minni hagsmuna að gæta hefur hann stefnuna að leiðarljósi.

Í eigendastefnunni er meðal annars fjallað um samskipti við fyrirtæki, stjórnarhætti, hluthafafundi, stjórnarkjör, starfskjör og hvatakerfi. Í stefnunni er kveðið á um sérstaka valnefnd sem velur hvernig sjóður ráðstafar atkvæðum sínum í stjórnarkjöri. Í valnefnd sitja tveir aðilar tilnefndir af stjórn og framkvæmdastjóri eða fjárfestingarstjóri.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna sjóðsins hefur það að markmiði að starfsmönnum líði vel á vinnustaðnum, hafi aðstöðu og getu til að sinna starfi sínu á sem bestan hátt. Í stefnunni er lögð áhersla á endurmenntun, samkeppnishæf starfskjör, góðan aðgang að stjórnendum, tiltekinn vinnutíma, jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, sveigjanleg starfslok vegna aldurs, ákveðna starfslýsingu og ábendingarkerfi fyrir starfsmenn sjóðsins.

Stjórnskipulag Almenna lífeyrissjóðsins

Stjórn

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og fjallar um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins og mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna og hefur einnig sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint ítarlega. Í starfsreglum stjórnar er meðal annars fjallað um verksemi, málsvara, stjórnarfundir, ákvörðunarvald, fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu og vanhæfi. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Meðal verkefna stjórnar er að setja reglur sem kveða m.a. á um upplýsingagjöf til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttinda-ávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Jafnframt setur stjórn verklagsreglu um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar og

starfsmanna. Auk þess mótar og setur stjórn fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru með meirihlutakosningu á ársfundi til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur konum og þremur körlum. Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa. Stjórnin framkvæmir að lágmarki á tveggja ára fresti mat á störfum sínum, verklagi og starfsháttum, sem og frammistöðu undirnefnda, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Stjórnin skal leita leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöður matsins.

Á árinu 2020 var haldinn 21 stjórnarfundur (þar af voru 12 stjórnarfundir haldnir fyrir síðasta ársfund sem haldinn var þann 4. júní 2020), stjórn var ákvörðunarbær í öllum tilvikum.

Á árinu 2021 hafa auk þess verið haldnir 5 stjórnarfundir (til og með dagsetningu stjórnarháttayfirlýsingar þessarar), stjórn var ákvörðunarbær í öllum tilvikum.

Varamenn eru boðaðir í forföllum aðalmanna og á tvo fundi á ári.

Upplýsingar um stjórn sjóðsins:

Stjórnarmenn

Ólafur H. Jónsson, formaður
Oddur Ingimarsson, varaformaður
Arna Guðmundsdóttir
Davíð Ólafur Ingimarsson
Hulda Rós Rúriksdóttir
Sigríður Magnúsdóttir

Varamenn í stjórn

Helga Jónsdóttir
Kristján P. Davíðsson
Oddgeir Ágúst Ottesen

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn, svo sem fundarsókn og hagsmunatengsl, er að finna í rafrænni útgáfu af stjórnarháttayfirlýsingunni á heimasíðu sjóðsins.



Framkvæmdastjóri

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúruumboð og setur honum starfsreglur sem eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Gunnar Baldvinsson.

Nánari upplýsingar um framkvæmdastjóra, svo sem hagsmunatengsl, er að finna í rafrænni útgáfu af stjórnarháttayfirlýsingunni á heimasíðu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri boðar vikulega svokallaða rekstrarfundum með helstu stjórnendum sem eru auk framkvæmdastjóra Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri og Sigurður Örn Karlsson, áhættustjóri.

Ársfundur

Stjórn sjóðsins boðar til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári í mars eða apríl. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Dagskrá ársfundar skal innihalda eftirfarandi dagskráliði: (1) skýrsla stjórnar; (2) staðfesting ársreiknings liðins starfsárs og kynning á tryggingarfræðilegu uppgjöri samtryggingarsjóðs; (3) kynning á fjárfestingarstefnu; (4) tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins (ef þær liggja fyrir); (5) kosning stjórnar; (6) kosning endurskoðanda og endurskoðunarfélags; (7) ákvörðun um laun stjórnar; og (8) önnur mál. Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og í lögum um lífeyrissjóði.

Endurskoðun

Stjórn annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Endurskoðunarnefnd Almenna lífeyrissjóðsins gerir tillögu til stjórnar um val á ytri og

innri endurskoðanda sjóðsins. Ytri endurskoðandi er kosinn á ársfundi sjóðsins. Stjórn ræður innri endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja.

Ytri endurskoðandi sjóðsins er endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young og innri endurskoðandi er endurskoðunarfyrirtækið Grant Thornton.

Tryggingastærðfræðingur

Í samræmi við 39. gr. laga um lífeyrissjóði og reglugerð nr. 391/1998, er árlega framkvæmd tryggingafræðileg athugun á starfsemi sjóðsins sem er ætlað að leggja annars vegar mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntar framtíðarskuldbindingar og hins vegar á núverandi eignasafn, vænt iðgjöld og ávöxtun. Stjórn semur við löggiltan tryggingastærðfræðing sem framkvæmir athugunina. Núverandi tryggingastærðfræðingur er Vigfús Ásgeirsson hjá Talnakönnun hf.

Undirnefnd stjórnar – Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt grein 6.5 í samþykktum sjóðsins skal stjórn sjóðsins skipa árlega sérstaka endurskoðunarnefnd.

Nefndina skipa:

Gísli Hlíðberg Guðmundsson, formaður nefndarinnar. Gísli er löggiltur endurskoðandi og starfar hjá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Davíð Ólafur Ingimarsson, fjármálastjóri Tryggingastofnunar. Davíð Ólafur sat í varastjórn Almenna 2014 til 2016 en þá var hann kosinn í aðalstjórn sjóðsins.

Eiríkur Þorbjörnsson, deildarstjóri hjá Verkís. Eiríkur sat um árabíl í aðalstjórn sjóðsins og síðar í varastjórn.

Áhættustjóri Almenna lífeyrissjóðsins er ritari nefndarinnar.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.

3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.

4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis.

5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Frá síðasta ársfundi sjóðsins hélt endurskoðunarnefnd fjóra fundi á árinu 2020 og þrjá á árinu 2021. Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Til samræmis við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur verið mótað eftirlitskerfi með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, þar sem því verður við komið. Eftirlitskerfið grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Eftirlitskerfið samanstendur af eigin áhættumati, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, fjárfestingarstefnu, starfsreglum, verklagsreglum, verkferlum, starfslýsingum og öðrum innri reglum sjóðsins.

Áhættustjóri er ábyrgðaraðili áhættustýringar og veitir starfssviði áhættustýringar forstöðu, starfssviðið heyrir undir framkvæmdastjóra en áhættustjóri hefur milli-liðalausán aðgang að stjórn sjóðsins og er jafnframt ritari endurskoðunarnefndar. Áhættustjóri ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu í rekstri sjóðsins.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í árs-skýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Meginmarkmið með innra eftirliti Almenna lífeyrissjóðsins er að stuðla að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum



settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt. Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða og er innra eftirlit sjóðsins yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum.

Innra eftirlit sjóðsins byggir m.a. á fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, reglubundnu áhættueftirliti, skjalfestum innri reglum og ferlum, starfslýsingum, aðgreiningu starfa, aðgangsstýringu upplýsingakerfa, skýrsluskilum og reglulegri upplýsingagjöf. Áhættustýring og

áhættueftirlit er veigamikill þáttur í innra eftirliti. Verkferlar hafa verið skjalfestir fyrir öll helstu verkefni við rekstur sjóðsins til að auka áreiðanleika og stuðla að fylgni við lög og reglur. Verkferlar eru uppfærðir jafnóðum og breytinga er þörf og árlega eru allir verkferlar yfirfarnir og endurskoðaðir í verkferlanefnd sem staðfestir breytingar. Verkferlanefnd er skipuð framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra, fjárfestingarstjóra og áhættustjóra lífeyrissjóðsins. Lögfræðingur sjóðsins er ritari nefndarinnar.

Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur um notkun ábendingakerfis fyrir starfsmenn til að koma á framfæri nafnlausum ábend-

ingum til innri endurskoðenda sjóðsins um alvarlega vanrækslu eða misferli í starfsemi sjóðsins.

Staðfesting stjórnar

Stjórn sjóðsins hefur sett saman stjórnarháttayfirlýsingu þessa eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins til sjóðfélaga, eftirlitsaðila og annarra aðila.

Samþykkt af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 10. mars 2021.

Undirritunarsíða

Gunnar Þór Baldvinsson

Hulda Rós Rúriksdóttir

Arna Guðmundsdóttir

Davíð Ólafur Ingimarsson

Oddur Ingimarsson

Ólafur Hvanndal Jónsson

Sigríður Magnúsdóttir

Geir Steindórsson